


SKÓLAÞJÓNUSTA  
EYÞINGS



# FLUGLÆSI

ÁHERSLUR, STEFNUMÖRKUN  
OG AÐFERÐIR Í  
LESTRARKENNSLU

Ritstjóri: Rósa Eggertsdóttir



© Rósa Eggertsdóttir, ritstjóri

© Þóra Björk Jónsdóttir

**Starfshópur um stefnumörkun:**

Anna Baldvina Jóhannesdóttir

Birgir Sveinbjörnsson

Dóróþea Reimarsdóttir

Magnús Magnússon

Rósa Eggertsdóttir

Sigríður Víkingsdóttir

Þórhildur Sigurðardóttir

**Útgefið af**

Skólalajónustu Eypings 1998

Akureyri


**Prentvinnsla:**

Ásprent/Pob ehf., Akureyri

**Ljósmyndir á forsiðu:**

Úr skólalajónu á Norðurlandi eystra

SKÓLAÞJÓNUSTA  
**EYÞINGS**



# **F**LUGLÆSI

ÁHERSLUR, STEFNUMÖRKUN  
OG AÐFERÐIR Í  
LESTRARKENNSLU

Ritstjóri: Rósa Eggertsdóttir

# Efnisyfirlit

	Bli.
Formáli	4
I. Lestur, lestrarkennsla og stefnumörkun	5
1. Starfshópur um stefnumörkun	5
2. Könnun á kennsluháttum	6
3. Námskeið um lestrarkennslu	8
II. Stefnumörkun í lestri í 1. til 10. bekk	9
- 1. bekkur	10
- 2. bekkur	11
- 3. bekkur	12
- 4. bekkur	13
- 5. bekkur	14
- 6. og 7. bekkur	15
- 8. til 10. bekkur	16
III. Áherslur og kennsluáferðir í lestri	18
1. Vitund nemenda um eigið nám	19
2. Hljóðlestur - raddlestur	21
3. Lesskilningur	23
Tvenns konar sjónarmið	23
Heildstæð nálgun	23
Lesskilningsferli	24
Nám og kennsla	25
Góður lesskilningur	26
Mismunandi textar - mismunandi lestur	26
Lesskilningur og kennsluáferðir	27
4. Skoða, spyrja, lesa, segja, rifja upp: SLSR	29
Áferðin	29
Kennslan	30
Yfirlit yfir SLSR	31
5. Gagnvirkur lestur	33
Áferðin	33
Kennslan	34
Áhrif á námsárangur	34
Yfirlit yfir Gagnvirkan lestur	35
6. Kann - vil vita - hef lært: KVL	37
Yfirlit yfir KVL	39
Fylgiskjal 1. Gagnvirkur lestur - dæmi úr kennslu	41

# Formáli

Markmið þessa rits er að kynna kennurum leiðir að nýjum og fjölbreyttum áherslum í lestrarkennslu. Ritið skiptist í þrjá hluta. Í fyrsta hlutanum er greint frá lestrarkönnunum, sem gerðar voru á Norðurlandi eystra, og aðgerðum á vegum Skólaþjónustu Eyþings (SE) í framhaldi af þeim. Sagt er frá vinnu starfshóps á vegum SE um lestur og lestrarkennslu. Í öðrum hlutanum eru settar fram tillögur um stefnumörkun í lestri fyrir nemendur í 1. - 10. bekk. Að lokum er fjallað um lestraraðferðir og leiðir í lestrar-kennslu, ekki síst á miðstigi og efri bekkjum grunnskóla.

Hvatinn að vinnu starfshópsins byggir á niðurstöðum úr mati á stöðu lestrar á Norðurlandi eystra. Stuðst var við:

- LH-próf sem lögð voru fyrir nemendur í 3. og 5. bekk árið 1994.
- GLP9 próf sem lagt var fyrir 9. bekk árið 1996.
- Könnun á lestrarkennslu í 1.-10. bekk sem lögð var fyrir skóla á Norðurlandi eystra árið 1997.

Vegna upplýsinga sem ofangreind próf leiddu í ljós ákvað Skólaþjónusta Eyþings haustið 1996 að vinna, í samvinnu við kennara, að stefnumörkun í lestri fyrir 1. til 10. bekk og er afraksturinn kynntur í þessu riti. Í stefnumörkuninni eru sett fram markmið, viðmið fyrir árangur, tillögur um kennsluáðferðir og vinnubrögð og getið um próf sem gefin hafa verið út. Leitast er við að mynda samfellu milli ára og ýta undir fjölbreytni í kennslu og námi. Tilgangurinn er sá að skólar geti nýtt sér þessa vinnu eins og þeim hentar best þegar þeir byggja upp eða endurskoða eigin námskrá fyrir lestrarnám og kennslu.

Könnun á lestrarkennslu (1997) leiddi í ljós að þegar byrjendakennslu lýkur virðast kennarar ekki hafa á hraðbergi fjölbreyttar kennsluáðferðir til að byggja frekari lestrarkennslu á. Þetta á ekki síst við um undirbúning nemenda til að takast á við hinar ýmsu lesgreinar. Með þessu riti er leitast við að mæta brýnni þörf á möguleikum kennara til að auka þekkingu sína á leiðum í lestrarkennslu, ekki síst þegar ofar dregur í grunnskólanum. Líta verður á þetta sem ágríp fremur en ítarleg skrif. Vísað er til margra heimildarita auk þeirra sem beinlínis var stuðst við til þess að auðvelda kennurum frekari lestur um tiltekið efni.

Ýmsir hafa lagt hönd á plóginn við þessa vinnu og eru þeim færðar sérstakar þakkir. Eftirtaldir kennarar og skólastjórnendur hafa komið að vinnu við stefnumörkunina: Birgir Sveinbjörnsson, Dóróþea Reimarsdóttir, Magnús Magnússon og Sigríður Víkingsdóttir. Þóra Björk Jónsdóttir, kennsluráðgjafi við Skólaskrifstofu Skagfirðinga, ritaði um SSLSR aðferðina auk þess sem hún og Bergþóra Gísladóttir, skólamálastjóri Skólaskrifstofu Húnavatnings, lásu yfir tillögur um stefnumörkun í 1. - 10. bekk. Emilía Baldursdóttir, framhaldsskólakennari og námsráðgjafi, og Þórdís Jónsdóttir framhaldsskólakennari lásu yfir handritið. Starfsmenn Skólaþjónustunnar, sem unnu að verkinu, voru: Anna Baldvina Jóhannesdóttir, Þórhildur Sigurðardóttir og Rósa Eggertsdóttir sem jafnframt skrifaði efni ritsins, fyrir utan kaflann um SSLSR.

Ágúst 1998

Rósa Eggertsdóttir

# 1. Lestur, lestrarkennsla og stefnumörkun

Umræður um mikilvægi lestrar og árangur nemenda í lestri hafa verið ofarlega á baugi undanfarin ár. Umræðan hefur yfirleitt beinst að því að efla þurfi lestrarkunnáttu grunnskólanema. Ýmsir grunnskólar hafa brugðist við með umbótastarfi á þessu sviði og nokkrir framhaldsskólar hafa boðið nemendum, eða skyldað þá til, að sækja hraðlestrarnámskeið á sínum vegum.

Á árunum 1994 og 1996 stóð Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis eystra fyrir tveimur lestrarkönnunum í umdæminu. Niðurstöður beggja kannana gáfu tilefni til þess að endurskoða aðferðir og viðmið fyrir árangur sem lagður er til grundvallar í grunnskólum.

Fyrri könnunin var lögð fyrir 3. og 5. bekk voríð 1994 (Anna Lilja Sigurðardóttir: 1995). Í báðum bekkjum kom í ljós að einungis 60% nemenda í þessum bekkjum höfðu náð góðu valdi á lestri. Um 31 - 37% nemenda voru stirðlæsir en búist var við að þeir gætu náð valdi á lestri. Um 4 - 10% nemenda sýndu mun lélegri árangur. Lestur þessara nemenda var metinn fremur eða mjög óöruggur.

Seinni könnunin var lögð fyrir 9. bekk voríð 1996 í samvinnu við Lestrarmiðstöð Kennaraháskóla Íslands (Rósa Eggertsdóttir: 1996). GLP9 lestrarprófið var lagt fyrir alla nemendur í árganginum. Niðurstöður prófsins sýndu að 16,2% nemenda áttu við lestrarerfiðleika að etja, þar af sýndu 6,6% nemenda skýr einkenni leshömlunar (dyslexiu).

Báðar þessar kannanir gáfu sterkar vís-

bendingar um að staða lestrar og lestrarkennslu væri ekki eins góð og hún þyrfti að vera. Skólaþjónusta Eypings taldi mikilvægt að brugðist yrði við með því að bjóða skólum margvíslegan stuðning sem auðveldaði þeim að efla lestrarkennsluna. Ferns konar vinna fór af stað. Í fyrsta lagi var stofnaður starfshópur, í samvinnu við nokkra skóla í umdæminu, til að setja fram heildstæða stefnumörkun í lestri fyrir nemendur í 1. - 10. bekk. Í öðru lagi fór fram könnun í umdæminu um aðferðir og árangur við lestrarkennslu. Í þriðja lagi var efnt til sex mánaða námskeiðs um lestrarkennslu fyrir kennara í 6. - 10. bekk í samvinnu við Endurmenntunardeild KHÍ, og loks var ákveðið að semja rit um lestrarkennsluáðferðir sem væri líklegt til að styðja kennara við að efla framfarir nemenda.

Haustið 1996 var stofnaður samstarfshópur SE og kennara um stefnumörkun í lestri. Tilgangurinn var að semja heildstæða námskrá í lestri fyrir alla bekkir grunnskólans. Námskráin er hugsuð sem stuðningur við skóla sem eru að semja eigin námskrá. Þeir geta gert að sínum þau markmið sem þeim finnst henta hverjum árgangi. Öðru geta þeir sleppt. Í stefnumörkuninni (bls. 11 til 19) eru sett fram: markmið; viðmið fyrir árangur; kennsluáðferðir og skipulag; nefnd útgefin próf og í sumum tilfellum eru gerðar tillögur um skólagerð próf. Enginn dómur er lagður á gæði prófanna né hve vel þau henta. Mikil áhersla er lögð á ýmsa þætti varðandi markmið, árangur og kennsluáðferðir. Hæst ber áherslu á markvissa lestrarkennslu eftir að byrjendakennslu lýkur,

## 1. Starfshópur um stefnumörkun

## 1. Lestur, lestrarkennsla og stefnumörkun

stóraukna áherslu á aukinn leshraða og eflingu hljóðlestrar. Síðast en ekki síst eru settar fram tillögur um nýja árangursríka kennsluhætti, einkum hvað varðar lesskilning.

Starfshópurinn hittist sex sinnum veturinn 1996 -1997 og lagði grunninn að stefnumörkuninni. Hópin skipuðu: Anna Baldvina Jóhannesdóttir, starfsmaður SE og sérkennari við Dalvíkurskóla, Birgir Sveinbjörnsson, aðstoðarskólalastjóri við Barnaskóla Akureyrar, Dóróþea Reimarsdóttir, kennari við Dalvíkurskóla, Magnús Magnússon kennari og Þórhildur Sigurðardóttir sérkennari, bæði við Borgarhólsskóla, Sigríður Víkingsdóttir, kennari við Gagnfræðaskóla Akureyrar, og Rósa Eggertsdóttir frá SE.

Veturinn 1997 - 1998 unnu Þórhildur, þá orðin starfsmaður SE, og Rósa að endanlegri gerð stefnunnar. Þóra Björk Jónsdóttir, kennsluráðgjafi á Skólaskrifstofu Skagfirðinga, og Bergþóra Gísladóttir, skólamálastjóri Skólaskrifstofu Húnavetninga, lásu yfir tillögurnar og komu með fjölmargar góðar athugasemdir og ábendingar. Öllu þessu fólki eru færðar bestu þakkir fyrir framlag þeirra. Yfirmenn þeirra kennara sem mynduðu starfshópinn fá einnig þakkir fyrir skilning og velvilja.

Meðan á vinnu við stefnumörkun stóð kom í ljós þörf fyrir að afla vitneskju um hvernig kennsluháttum í skólum í umdæminu væri háttað. Í febrúar 1997 var sent erindi til allra skóla í umdæminu og

þeir spurðir eftirfarandi spurninga:

1. Hvaða kennsluáðferðir eru ríkjandi í

lestrarkennslu?

2. Hvaða viðmiðanir eru fyrir leshraða á hverju aldurstigi?
3. Hvaða aðferðir eru notaðar við þjálfun lesskilnings á öllum aldurstigum?
4. Hvaða aðferðir við námsmat eru notaðar?
5. Hvers konar lestur er kenndur á eldri stigum?
6. Hvernig er brugðist við lestrarerfiðleikum?

Svör bárust frá 13 skólum af 28. Heimtur geta ekki talist góðar og því er varasamt að alhæfa um starfshætti allra skóla út frá þessum svörum. Óhætt er þó að álykta að svör skólanna gefi vísbendingar um hvernig málum er háttað í lestrarkennslu. Ýmis samkenni má finna í svörum þeirra og eru þau kynnt hér:

- Allir skólar beita hljóðlestraraðferð sem aðalaðferð við byrjendakennslu. Fimm skólar segjast flétta LTG inn í kennsluna, vísbendingar eru um að kennarar ráði því. Einn skóli nefnir stöfunaraðferð.
- Námsaðlögun er nefnd af nokkrum skólum, annað hvort að nemendur fái lesefni við hæfi eða þeir fari í leshópa þar sem nemendur hafa svipaða lestrargetu.
- Heimalestur er nefndur og yfirleitt er daglegur raddlestur í skóla en óljóst er hve oft er lesið fyrir kennara.
- Önnur vinnubrögð eru: markviss málörvun, umræður, spurningar úr lesnu efni, bekkur heldur skrá yfir lesnar bækur (bókaormur), fastir tímar eru á bókasafni.

Byrjendakennsla:

1. - 3. / 4. bekkur:

## 2. Könnun á kennsluháttum

- Lesskilningur er þjálfður með samræðum, vinnubókaverkefnum og spurningum.
- Fjórir skólar setja hraðaviðmið fyrir 1. bekk. Nefnd eru 15 til 80 atkv. á mínútu.
- Lestrarferfiðleikum er oftast vísað til sérkennara sem vinnur beint með nemendum innan eða utan kennslustofu. Dæmi er um að sérkennari leiðbeini bekkjarkennara um vinnubrögð. Nemendur, sem eiga í erfiðleikum, fá sérvalið les efni. Sumir þessara nemenda fara í sérstaka greiningu hjá sérkennara.

Miðstig:

4./5. - 7. bekkur

- Erfitt er að segja til um vægi raddlestrar, hljóðlestrar og heimalestrar í skóla. Sumstaðar stunda nemendur fyrst og fremst hljóðlestur en annars staðar er aðallega um raddlestur að ræða.
- Nemendur lesa tvisvar til þrisvar í viku fyrir bekk eða kennara.
- Einn skóli nefnir orðhlutaaðferð sem kennsluáðferð.
- Lesskilningur er studdur með umræðum, spurningum úr efni, endursögnum og útdráttum, vinnubókum, orðskýringum og eyðufyllingarverkefnum. Tveir skólar nefna raddbeitingu og mismunandi áherslur í lestri eftir efni.
- Sumir skólar hætta lestraræfingum eftir 5., 6., eða 7. bekk.
- Þeir skólar sem setja fram viðmið um árangur í 5. - 7. bekk ræða um 170 til 200 atkvæði á mínútu, miðað við raddlestur.
- Hraðapróf (atkvæðapróf) eru algengustu matstækin. Einnig eru nefnd próf eftir Carlsten og Kristínu Aðalsteinsdóttur, Rannveigu Löve og LS-próf Elmars Þórðarsonar. Þegar ofar dregur bætast

við framsagnarpróf. Nokkrir skólar leggja fyrir lesskilningspróf í 8. bekk en eftir það er nánast ekki um lestrarpróf af neinu tagi að ræða.

- Sumir skólar hafa hraðaviðmið fyrir alla aldurshópa fram að lokum 6. bekkjar. Tveir skólar hafa auk þess viðmið fyrir 7. bekk og einn skóli nefnir viðmið fyrir 9. bekk.
- Nemendur, sem eiga í lestrarerfiðleikum, fá sérstaka aðstoð, aðallega utan kennslustofu. Hljóðbækur eru nefndar sem hjálpartæki og dæmi eru um að nemendur fái lestraraðstoð í prófum.

(Sumir skólanna hafa ekki unglíngastig)

- Skólar eru fáorðir um það sem viðkemur lestri og lestrarkennslu á unglíngastigi.
- Þrjú skólar segja frá hraðlestrarnámskeiðum fyrir unglíngum.
- Lesskilningur er eflður með vinnubókum og öðrum verkefnum. Ýmsir skólar nefna bókmenntakennslu í tengslum við verkefni. Upplestur er þjálfður m.t.t. efnis.

Unglíngastig:

8.-10. bekkur

Eins og áður er nefnt er rétt að líta á niðurstöður þessarar könnunar sem vísbendingu um stöðu lestrarkennslu fremur en staðhæfingu. Það helsta sem vísbendingin gefur til kynna er að viðmið um leshraða eru lág, fara hvergi yfir 200 atkvæði á mínútu í raddlestri en það jafngildir um 100 lesnum orðum á mínútu. Námsmat virðist eiga sér stað með skipulögðum hætti í flestum skólum og stefnt er að því að nemendur fái náms efni við hæfi, a.m.k. í yngri bekkjum. Eindaraðferð (hljóðaaðferð) er beitt sem aðal kennsluáðferð í lestri en ekki heildaraðferð



(LTG), þó svo að minni hluti skóla nýti eitt-hvað úr LTG vinnubrögðum til viðbótar. Kennarar virðast ekki hafa tiltækar sérstakar nafngreindar kennsluaðferðir þegar kemur að þjálfun lesskilnings. Beinni kennslu virðist vera hætt í síðasta lagi eftir 4. bekk en þá tekur við æfing frekar en kennsla sem stendur út 6. og jafnvel 7. bekk. Eftir það er lítið eða ekkert um markvissa lestrarkennslu að ræða. Hætt er að mæla leshraða eftir 7. bekk, í flestum skólum.

### 3. Námskeið um lestrarkennslu

Námskeið um lestrarkennslu fyrir kennara í 6. - 10. bekk var haldið á tímabilinu frá ágúst 1997 til febrúar 1998.

Niðurstöður könnunar í febrúar 1997 höfðu áhrif á viðfangsefni námskeiðsins. Lögð var áhersla á umfjöllun um lesskilning og kynntar kennsluaðferðir til að efla hann. Þar bar hæst Gagnvirkan lestur og SSLSR. Einnig var kennd hraðlestraraðferð. Kennarar voru: Þóra Björk Jónsdóttir kennsluráðgjafi, Guðni Kolbeinsson kennari og Rósa Eggertsdóttir kennsluráðgjafi. Námskeiðið sóttu kennarar á Norðurlandi eystra. Þeir komu saman þrisvar sinnum en þess á milli reyndu þeir ný vinnubrögð í lestri með nemendum sínum. Of snemmt er að segja til um langtímaárangur af námskeiðinu en ýmis dæmi voru um góðar framfarir hjá nemendum í kjölfar nýrra vinnubragða.

### Heimildir og önnur gagnleg rit:

---

Anna Lilja Sigurðardóttir. 1995. *Könnun á stöðu í lestri í 3. og 5. bekk á Norðurlandi eystra vorið 1994*. Akureyri, Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis eystra.

Rósa Eggertsdóttir. 1996. *Lestur. Könnun á stöðu nemenda í 9. bekk á Norðurlandi eystra vorið 1996*. Akureyri, Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis eystra.

Rósa Eggertsdóttir. 1996. *Könnun um lestrarkennslu í skólum á Norðurlandi eystra í febrúar 1996*. Óbirt. Akureyri, Skólaþjónusta Eypings.

## II. Stefnumörkun í lestri í 1.-10. bekk

Starfshópur um stefnumörkun gerði tillögur að viðmiðunum fyrir kennslu og árangur í lestri í öllum bekkjum grunnskólans (bls.11 til 19).Aðalmarkmið starfsins var að setja fram dæmi um námskrá sem gæti tryggt samfellu í kennslu í öllum grunnskólunum frá einum bekk til annars og gerði um leið ráð fyrir auknum árangri á öllum sviðum lestrar.

Stefnumörkunin sýnir markmið og efnisþætti, viðmið um árangur, kennsluaðferðir og próf og matsleiðir fyrir hvern árgang. Hver þessara þátta skiptist í fjóra undirkafla, þ.e leshraða, lestrartækni, lesskilning og önnur atriði. Þegar stefnumörkunin er lesin er hægast að lesa hvern undirkafla þvert á síðuna eins og eftirfarandi dæmi sýnir:

riði, er nefnt ýmislegt sem getur styrkt lestrarnámið. Þar er m.a. varað við því að látið sé reka á reiðanum með lestur ef nemendur eiga bágð með að ná tókum á lestri. Þess í stað er bent á að veita nemendum viðeigandi aðstoð sem fyrst, áður en um verulega erfiðleika verður að ræða.

Á næstu síðum eru settar fram tillögur um stefnumörkun í lestri fyrir hvern árgang. Þar eru hugsaðar skólum til hjálpar þegar þeir semja eigin skólafestu í lestri. Ritinu fylgir tölvudiskur (PC) til að auðvelda þeim að yfirfæra þau markmið sem þeir hyggjast gera að sínum.

Það er von þeirra sem að ritinu standa að þessi vinna geti orðið skólum stuðningur við eigin stefnumörkun í lestrarkennslu.

### Stefnumörkun í lestri - 3. bekkur

Markmið efnisþættir	Viðmið um árangur	Kennsluaðferðir og skipulag	Matstæki og aðferðir
<b>Hraði</b>			
<ul style="list-style-type: none"> <li>Aukinn leshraði og liðleiki</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Raddlestur, 140 - 170 atkv./mín.</li> <li>Hljóðlestur, 170 - 200 atkv./mín.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Raddlestur í skóla og heima, daglega</li> <li>Hljóðlestur í skóla og heima, daglega</li> <li>Tímataka af og til</li> <li>Hraðlestur með fingur undir orðum</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hraðapróf - raddlestur, 4-6 á vetri</li> <li>Hraðapróf - hljóðlestur, 4-6 á vetri</li> <li>Hraðapróf fyrir 3.og 4.bekk eftir EP</li> </ul>

Hvern undirkafla þarf að líta á sem eina heild en ekki er sérstaklega gert ráð fyrir að lesandi fylgi hverri línu frá vinstri til hægri. Í undirkaflanum, sem ber heitið önnur at-

# Stefnumörkun fyrir 7. bekk

Markmið - efnispættir - inntak	Viðmið um árangur	Kennsluáferðir og skipulag	Matstæki og aðferðir
<b>Hraði</b>			
<ul style="list-style-type: none"> <li>Hægur lestur frá einum staf til annars, frá samstöfum til samstafa, frá orðum til orða</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Raddlestur 10 - 60 atkv./mín.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Nemendur lesa einstaklingslega fyrir kennara</li> <li>Raddlestur í skóla og heima</li> <li>Hljóðlestur í skóla og heima</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hraðapróf fyrir þá sem hafa náð nokkrum leshraða</li> </ul>
<b>Tækni og leiðni</b>			
<ul style="list-style-type: none"> <li>Lestur á einföldum texta samkvæmt þroska og getu hvers nemanda</li> <li>Stafvinna</li> <li>Tenging stafa og hljóða</li> <li>Lestur eigin texta</li> <li>Lestur algengra orðmynda</li> <li>Lestur á staf fyrir staf, atkvæði fyrir atkvæði, samstöfum og orðum</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Þekkir alla stafi og hljóð þeirra</li> <li>Tengir tvö eða fleiri hljóð</li> <li>Les einfaldan texta</li> <li>Þekkir myndir nokkurra algengra orða</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Markviss málörvun: Hlustun, rím, vinna með stöðu hljóða í orðum, orð og setningar</li> <li>LTG</li> <li>Hljóðááferð - innlögn stafa</li> <li>Heildarlestur (Örögen Frost)</li> <li>Lestur eigin texta</li> <li>Orðmyndir lærðar t.d. og, ekki, segir (sjá 100 algeng orð frá Elmari Þórðarsyni)</li> <li>Texti eftir getu hvers og eins</li> <li>Samvinnuspjöld</li> <li>Tölvuforrit</li> <li>Daglegur heimalestur</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Stjafpróf (eins oft og þarf) eftir Carlsen og Kristínu Adalsteinsdóttur</li> <li>Lestrarkönnun 1-10 eftir Rannveigu Löve</li> <li>Lestur 1. Lestrargreining, Mrn. Skólarannsóknardeild</li> <li>Stöðukönnun í lestri 1985 eftir Rannveigu Löve</li> <li>Stöðukönnun í lestri 1988 eftir Rannveigu Löve</li> </ul>
<b>Skilningur og viðhorf</b>			
<ul style="list-style-type: none"> <li>Skilningur á orðum og einföldum setningum</li> <li>Skilningur á sambengi í lesnum texta</li> <li>Einbeiting að lesmáli sem styður myndir</li> <li>Ánægja af lestri</li> <li>Áhugi á texta í umhverfinu</li> <li>Þækur valdar af áhuga</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Parar mynd og orð/setningar</li> <li>Endursegir stuttan texta</li> <li>Sækir í þækur og velur eftir áhuga</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Umræður um efni texta</li> <li>Nemendur segja sögur, skrifa sögur</li> <li>Kennari les fyrir nemendur</li> <li>Bekktjarbókasafn - fjáls lestur</li> <li>Vinnubækur</li> <li>Önnur verkefni tengd lesnum texta, t.d. að tengja mynd og orð eða setningu</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Lestrarkönnun 1-10 eftir Rannveigu Löve</li> <li>Stöðukönnun í lestri 1985 eftir Rannveigu Löve</li> <li>Stöðukönnun í lestri 1988 eftir Rannveigu Löve</li> <li>Lestur - Lesskilningur Mrn. Skólarannsóknardeild nóv. 1981</li> <li>Lestur 1. Lestrargreining, Mrn. Skólarannsóknardeild</li> </ul>
<b>Önnur atriði</b>			
<ul style="list-style-type: none"> <li>Nemendur, sem eru læsir við upphaf skólagöngu, eiga rétt á lestrarkennslu við hæfi</li> <li>Aukinn orðaforði</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Stigvaxandi færni metin</li> <li>Sérstök aðstoð fyrir einstaka nemendur</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Foreldrum kynntar kennsluáferðir skólans í lestri</li> <li>Foreldrar hvattir til að lesa fyrir og með börnunum</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Tove Krogh próf</li> <li>Mat á lestrargetu, sérþækir erfíðleikar</li> <li>Aston Index - sérþækir erfíðleikar</li> <li>Markviss skráning k. á framförum</li> </ul>

# Stefnumörkun fyrir 2. bekk

Markmið - efnisþættir - inntak	Viðmið um árangur	Kennsluáferðir og skipulag	Matstæki og aðferðir
<b>Hraði</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Raddlestur 50 - 100 atkv./mín.</li> <li>Hljóðlestur 50 - 100 atkv./mín.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Raddlestur í skóla og heima</li> <li>Hljóðlestur í skóla og heima</li> <li>Nemendur lesa í kapp við klukkku (t.d. Míntuspjöld)</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hraðapróf - raddlestur, 4-6 á vetri</li> <li>Hraðapróf - hljóðlestur, 2-3 á vetri</li> </ul>
<b>Tækni og leikni</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Les fyrirstöðulítið aldursssvarandi texta</li> <li>Greinir mun á einf./tvöf. samhlj.</li> <li>Les samhljóðasambönd</li> <li>Hljóðgreinir</li> <li>Þekkir punkt og kommu</li> <li>Nemur staðar við punkt</li> <li>Les úr sülurritum</li> <li>Velur sér bækur</li> <li>Þekkir titla og höfundu</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hljóðaaðferð</li> <li>LTG</li> <li>Heildarlestur (Jörgen Frost)</li> <li>Algengar orðmyndir</li> <li>Samvinnuspjöld</li> <li>Lestur misunandi texta</li> <li>Sülurit samín og lestur þeirra æfður</li> <li>Málörvunarleikir og verkefni</li> <li>Orðum ráðað og endurráðað í setningar</li> <li>Munnleg og myndræn hljóðgreiningarverkefni</li> <li>Lestrarspil</li> <li>Tölvufórrit</li> <li>Endurinnlög stafa fyrir einstaka nemendur</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Yfirlitspróf í lestri eftir Carlsten og Kristínu Aðalsteinsdóttur</li> <li>Lestrarkönnun 1-10 eftir Rannveigu Löve</li> <li>Lestur 1. Lestrargreining. Mrn. Skólarrannsóknardeild</li> <li>Stöðukönnun í lestri 1985 eftir Rannveigu Löve</li> <li>Stöðukönnun í lestri 1988 eftir Rannveigu Löve</li> <li>LS-próf Eilmars Þórðars, leit að sértækum erfðeikum</li> </ul>
<b>Skilningur og viðhorf</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Finnur upplýsingar í texta</li> <li>Endursegir lesið efni</li> <li>Svarar munnlega spurningum úr lesnu efni</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Texti saminn út frá mynd</li> <li>Umræður um efni texta</li> <li>Vinnubækur</li> <li>Myndagerð eftir lestur</li> <li>Lesskilningsverkefni</li> <li>Samdar spurningar úr lesnum texta</li> <li>Umræður um lesinn texta</li> <li>Bekkjarkásafni</li> <li>Nemendur lesa eigin sögur</li> <li>Kennari les fyrir nemendur, sögustund</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Lestrarkönnun 1-10 eftir Rannveigu Löve</li> <li>Lestur - Lesskilningur Mrn. Skólarrannsóknardeild nóv. 1981</li> <li>Lestur 1. Lestrargreining. Mrn. Skólarrannsóknardeild</li> <li>Stöðukönnun í lestri 1985 eftir Rannveigu Löve</li> <li>Stöðukönnun í lestri 1988 eftir Rannveigu Löve</li> </ul>
<b>Önnur atriði</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Aukinn orðaforði</li> <li>Sértæk aðstoð fyrir einstaka nemendur</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Foreldrar hvattir til að lesa fyrir börnin</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Mat á lestrargetu - sértækir erfðeikar</li> <li>Aston Index - sértækir erfðeikar</li> <li>Markviss skráning k. á framförum</li> </ul>

# Stefnumörkun fyrir 3. bekk

12

Markmið - efnisþættir - inntak	Viðmið um árangur	Kennsluáferðir og skipulag	Matstæki og aðferðir
<b>Hraði</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>Leshraði og liðleiki aukinn</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Raddlestur 140 - 170 atkv./mín.</li> <li>Hljóðlestur 170 - 200 atkv./mín.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Raddlestur í skóla og heima, daglega</li> <li>Hljóðlestur í skóla og heima, daglega</li> <li>Tímataka af og til (t.d. Mínutuspjöld)</li> <li>Hraðlestur með fingur undir orðum</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hraðapróf - raddlestur 4-6 á vetri</li> <li>Hraðapróf - hljóðlestur 4-6 á vetri</li> <li>Hraðapróf fyrir 3. og 4. bekk eftir Elmar Þórðarson</li> </ul>
<b>Tækni og leikni</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>Nákvæmnislestur</li> <li>Hljóðlestur</li> <li>Einfaldur - tvífalður samhljóði</li> <li>Lestur samhljóðasambanda</li> <li>Sundurgreining líkra hljóða (f/v, d/t, b/p, g/k)</li> <li>Lestur tekur mið af punktum og kömmum</li> <li>Endursögn lesinna texta</li> <li>Lestur eigin texta</li> <li>Lestur myndrita s.s. súlurit</li> <li>Kunnáttu á stafrófi</li> <li>Bækur valdar af áhuga</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Les fyrirstöðulaust aldurs-svarandi texta sem lagður er fyrir</li> <li>Les miðað við greinamerki</li> <li>Tengir hljóðlíka stafi rétt</li> <li>Umorðar merkingu súlurita</li> <li>Einföld súlurit samin</li> <li>Fer rétt með stafróf, munnlega og skriflega</li> <li>Leysir léttar krossgátur</li> <li>Þekkir titla og höfunda</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Lestur mismunandi texta</li> <li>Framsögn</li> <li>Samvinnunám</li> <li>Lestrarspil</li> <li>Tölvuforrit</li> <li>Málörvunarleikir</li> <li>Munnleg og myndræn hljóðgreiningarverkefni</li> <li>Margbreytileg vinna með orð og orðhluta</li> <li>Algeng orð lærdó utanbókar</li> <li>Heildarlestur (Jörgen Frost)</li> <li>Krossgátur</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Framsagnarpróf, samin í skóla</li> <li>LS-próf Elmars Þórðarsonar, leit að sértækum erfiðleikum</li> <li>Lestrarkönnun 1-10 eftir Rannveigu Löve</li> </ul>
<b>Skilningur og viðhorf</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>Lestur til ánægju</li> <li>Skilningur á lesnu efni, bæði afþreyingar-efni og fræðandi efni</li> <li>Spáð fyrir um framhald fræðandi efnis</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Dregur aðalatriði út úr stuttum texta, munnlega og skriflega</li> <li>Sækir bókasafn</li> <li>Spáir fyrir um framhald efnis</li> <li>Spyr spurninga úr efnisgreinum</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Byrjunarskrif SSLSR</li> <li>Byrjunarskrif Gagnvirks lestrar</li> <li>Lestur bóka af bókasafni (markviss)</li> <li>Bókaormur/lestrarormur</li> <li>Spurningum svarað úr texta</li> <li>Umræður um efni texta</li> <li>Nemendur segja sögur, skrifa sögur og lesa eigin verk</li> <li>Kennari les fyrir nemendur</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Lesskilningspróf, samin í skóla</li> <li>Lestrarkönnun 1-10 eftir Rannveigu Löve</li> <li>LH 60 lesskilningspróf</li> <li>Lestur - Lesskilningur Mtn. Skólarannsóknardeild nóv. 1981</li> </ul>
<b>Önnur atriði</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>Aukinn orðaforði</li> <li>Sértæk aðstoð fyrir einstaka nemendur</li> <li>Þeir nemendur sem ekki ná viðmiðunum þurfa að fá sérstaka aðstoð</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Þeir nemendur sem ekki ná viðmiðunum þurfa að fá sérstaka aðstoð</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Foreldrar hvattir til að lesa með börnunum</li> <li>Foreldrum kynntar kennsluáferðir skólans í lestri</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Mat á lestrargetu, sértækir erfiðleikar</li> <li>Aston Index - sértækir erfiðleikar</li> <li>Markviss skráning k. á framföllum</li> </ul>

# Stefnumörkun fyrir 4. bekk

Markmið - efnisþættir - inntak	Viðmið um árangur	Kennsluáferðir og skipulag	Matstæki og aðferðir
<b>Hraði</b>			
<ul style="list-style-type: none"> <li>Leshraði og liðleiki aukinn</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Raddlestur 200 - 250 atkv./min.</li> <li>Hljóðlestur 250 - 350 atkv./min. eftir þyngd texta</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Lestur daglega í skóla í hljóði og/eða upp hátt eftir skipulagi kennarans og þörfum nemandans</li> <li>Heimalestur daglega</li> <li>Hraðlestraratak</li> <li>Endurtekinn lestur</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hraðapróf - hljóðlestur 3 - 6 á ári</li> <li>Hraðapróf - raddlestur 3 - 6 á ári</li> <li>Endurtekinn lestur - árangur sýndur á myndrænan hátt</li> <li>Hraðapróf f. 3. og 4. b. Elmars Þórðarss.</li> <li>Yfirlitspróf í lestri fyrir 5. bekk eftir Carlsten og Kristínu Aðalsteinsdóttur</li> </ul>
<b>Tækni og leikni</b>			
<ul style="list-style-type: none"> <li>Yfirlitslestur</li> <li>Nákvæmnislestur</li> <li>Lestur eigin texta</li> <li>Lestur úr myndritum s.s. súluritum</li> <li>Framsögn</li> <li>Raddlestur</li> <li>Nýting orðabóka - leitarlestur</li> <li>Nýting atriðaoorðaskráa - leitarlestur</li> <li>Hljóðlestur í eigin þágu</li> <li>Lestur lengri texta</li> <li>Þekking á eigin lestrarferni</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Les skýrt upphátt</li> <li>Beitir hrynjanda í lestri með tilliti til efnis</li> <li>Tekur tillit til greinamerktja við lestur</li> <li>Útskýrir súlurit</li> <li>Finnur orð í orðabók</li> <li>Finnur efnir eftir atriðaoorðaskrá</li> <li>Leysir léttar krossgátur</li> <li>Gerir grein fyrir eigin lestrarferni</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Lestur eigin texta</li> <li>Framsögn</li> <li>Súlurit saminn</li> <li>Orðabokarverkefni unnin</li> <li>Leikrit, ljóð og söngtextar lærðir og fluttir</li> <li>Lestur inn á myndband og hljóðband</li> <li>Málörvunarverkefni og leikir</li> <li>Munnleg og myndræn hljóðgreiningarverkefni</li> <li>Margbreytileg vinna með orð og orðhluta</li> <li>Algeng orð lærð utanbókar</li> <li>Krossgátur</li> <li>Ritvinnsla á tölvu</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Framsagnarpróf, saminn í skóla</li> <li>Myndrit, próf saminn í skóla</li> <li>Samræmt próf fyrir 4. bekk</li> <li>LS-próf Elmars Þórðarsonar, leit að sértekum erfiðleikum</li> </ul>
<b>Skilningur og viðhorf</b>			
<ul style="list-style-type: none"> <li>Lestur mism. texta, s.s. þjóðsögur, sögur, fræðirit, bundið mál, dagblöð</li> <li>Skilningur á lesnu efnri, afþreyingarefni og fræðandi efnri</li> <li>Greining aðalatriði úr texta</li> <li>Endursögn</li> <li>Yfirlitslestur</li> <li>Lestur til ánægju</li> <li>Lestur fyrir mæla, uppskrifta og orðaðæma</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Endursegir efnri texta, munnlega og skriflega</li> <li>Gerir grein fyrir aðalefni texta</li> <li>Spáir fyrir um framhald efnis</li> <li>Spyr spurninga úr efnisgreinum</li> <li>Notar bókasafn</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Gagnvirkur lestur</li> <li>SSLSR</li> <li>Verkefni í námsbókum og á bókasafni</li> <li>Unnið með málshætti og orðtök</li> <li>Hlustað á sögur eða horft á myndir og umræður í kjölfarið</li> <li>Leikir</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Lesskilningspróf, saminn í skóla</li> <li>Hraðapróf Elmars Þórðarsonar</li> <li>Samræmt próf fyrir 4. bekk</li> <li>Yfirlitspróf í lestri fyrir 5. bekk eftir Carlsten og Kristínu Aðalsteinsdóttur</li> <li>Lestur - Lesskilningur Mm. Skólarannsóknardeild nóv. 1981</li> </ul>
<b>Önnur atriði</b>			
<ul style="list-style-type: none"> <li>Aukinn orðaforði</li> <li>Sértek aðstoð fyrir einstaka nemendur</li> <li>Nemendur með sérþæka örðugleika fá aðstoð í prófum</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Nýting hljóðbóka eftir þörfum</li> <li>Foreldrar hvattir til að lesa með börnunum</li> <li>Foreldrum kynntar kennsluáferðir skólans í lestri</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Mat á lestrargetu - sértekir erfiðleikar</li> <li>Aston Index próf- sértekir erfiðleikar</li> <li>Markviss skráning k. á framföllum</li> </ul>	

# Stefnumörkun fyrir 5. bekk

Markmið - efnispættir - inntak	Viðmið um árangur	Kennsluáferðir og skipulag	Matstæki og aðferðir
<b>Hraði</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>Leshraði og liðleiki aukinn</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Raddlestur 220 - 300 atkv./mín.</li> <li>Hljóðlestur 300 - 400 atkv./mín.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hljóðlestur daglega</li> <li>Tímataka af og til</li> <li>Hraðlestrarátak</li> <li>Endurtekinn lestur</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hraðapróf í hljóðlestri, samin í skóla 4 - 6 á vetri</li> <li>Yfirlitspróf fyrir 5. bekk eftir Carlsen og Kristínu Aðalsteinsd. - leshraði</li> <li>Endurtekinn lestur - árangur sýndur á myndrænan hátt</li> </ul>
<b>Tækni og leikni</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>Lestur mismunandi texta,</li> <li>Yfirlitslestur</li> <li>Nákvæmnislestur</li> <li>Raddlestur, lestur eftir punkti, kommu, semikomu og gæsaloppum</li> <li>Framsögn</li> <li>Lestur úr myndritum s.s. súluritum, skífuritum og línuritum</li> <li>Nýting orðabóka, símaskráa o.fl.</li> <li>Nýting atriðaðraskráa</li> <li>Lestur korta</li> <li>Þekking á eigin lestrarferni</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Beitir hrynjanda í lestri með tilliti til efnis</li> <li>Les skýrt eftir greinamerkjum</li> <li>Notar orðabækur, símaskrá o.fl.</li> <li>Finnur staði á korti</li> <li>Finnur atriði í texta eftir atriðaðraskrá</li> <li>Finnur efnisorð í almennum texta á skómmum tíma</li> <li>Tulkar og semur myndrit</li> <li>Leysir krossgátur</li> <li>Gerir grein fyrir eigin lestrarferni</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Nemendur lesa upphátt í tengslum við námsefni ýmissa námsgreina</li> <li>Orðabókarverkefni</li> <li>Kortaverkefni</li> <li>Ritun í dagbók eða önnur rit</li> <li>Leikrit, ljóð og söngtextar lærðir og fluttir</li> <li>Lestur inn á myndband og hljóðband</li> <li>Ritvinnsla á tölvu</li> <li>Krossgátur</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Yfirlitspróf fyrir 5. bekk eftir Carlsen og Kristínu Aðalsteinsdóttur - stafsetning</li> <li>Framsagnarpróf, samin í skóla</li> <li>Myndrit, próf samin í skóla</li> <li>Leitarlestur, próf samin í skóla</li> <li>Almenn verkefni metin</li> <li>LS- prófið eftir Elmar Þórðarson - leit að sértækum erfiðleikum</li> </ul>
<b>Skilningur og viðhorf</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>Skilningur á lesnu efni, afþreyingarefni og fræðandi efni</li> <li>Endursögn efnis</li> <li>Greining aðalatriða úr texta</li> <li>Ályktanir dregnar af efni texta</li> <li>Lestur til ánægju</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Les aldursvarandi texta sér til gagns og ánægju s.s. námsefni, sögubækur, sönvarpstexta o.fl.</li> <li>Endursegir aðalatriði efnis</li> <li>Gerir grein fyrir ályktunum</li> <li>Spyr spurninga úr efni</li> <li>Spair fyrir um framhald efnis</li> <li>Notar bókasafn</li> <li>Mælir með bókum við aðra</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Gagnvirkur lestur</li> <li>SSLSR</li> <li>KVL</li> <li>Frjáls ritun og lestur á eigin texta</li> <li>Spurningar samdar úr lesnu efni</li> <li>Spurningum svarað úr efni</li> <li>Hlustað á sögur - upplestur nem., kennara eða á segulbandi - umræður um efnið</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Lesskilningspróf, samin í skóla</li> <li>Yfirlitspróf í lestri fyrir 5. bekk eftir Carlsen og Kristínu Aðalsteinsdóttur - lesskilningur</li> <li>LH 40 lesskilningspróf</li> <li>Almenn verkefni metin</li> </ul>
<b>Önnur atriði</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>Aukinn orðaforði</li> <li>Sértæk aðstoð fyrir einstaka nemendur</li> <li>Nemendur með sértæka örðugleika fá aðstoð í prófum</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Þeir nemendur sem ekki bafa náð um og yfir 200 atkv./mín. þurfa að fá sérstaka aðstoð</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Nýting hljóðbóka eftir þörfum</li> <li>Foreldrum kynntar valdar kennsluáferðir</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Mat á lestargetu - sértækir erfiðleikar</li> <li>Aston Index- próf - sértækir erfiðleikar</li> <li>Markviss skraning k. á framföllum</li> </ul>

# Stefnumörkun fyrir 6.-7. bekk

Markmið - efnispættir - inntak	Viðmið um árangur	Kennsluáferðir og skipulag	Matstæki og aðferðir
<b>Hraði</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Raddlestur í 6. bekk 230 - 300 atkv./mín.</li> <li>í 7. bekk 300 - 350 atkv./mín.</li> <li>Hljóðlestur 400 - 500 atkv./mín.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hljóðlestur daglega</li> <li>Hraðlestraræfingar</li> <li>Hraðlestrarátak</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Endurtekinn lestur</li> <li>Hraðlestrarpróf í hljóðlestri 4-6 á vetri</li> <li>Samræmd próf fyrir 7. bekk</li> <li>Endurtekinn lestur - árangur sýndur á myndrænan hátt</li> </ul>
<b>Tækni og leikni</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Genir grein fyrir formgerðarmun á ljóðum, sögum og þjóðsögum</li> <li>Finnur efnisorð í almennum texta á skömmum tíma</li> <li>Kortalestur - finnur staði, greinir hálendi og láglandi, mannfjölda o.fl.</li> <li>Finnur upplýsingar úr töflum og áætluunum, fer eftir leiðbeiningum úr bæklingum</li> <li>Nýtir orðabækur í tungumálum</li> <li>Beitir hrynjandi í framsögn</li> <li>Gerir grein fyrir eigin lestrarfærni</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Raddlestur efnis tengdu öðru námi, s.s. skýrslur, ritgerðir og frásagnir</li> <li>Orðabókarverkefni</li> <li>Kortaverkefni</li> <li>Framsögn með lestri og flutningi ýmissa bókmennta og leikþátta auk eigin texta</li> <li>Ritvinnsla á tölvu</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Framsagnarpróf</li> <li>Samræmd próf fyrir 7. bekk</li> <li>Yfirlitspróf í lestri fyrir 8. bekk eftir Carlsten og Kristínu Aðalsteinsdóttur - staðsetning</li> <li>Almenn verkefni metin</li> </ul>
<b>Skilningur og viðhorf</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Nem. les sér til gagns og ánægju mismunandi bókmenntir t.d. tímarit, dagblöð og sjónvarpstexta auk námsefnis</li> <li>Túlkar upplýsingar úr sülur-, skífur- og línurttum</li> <li>Finnur efni í heimildum til notkunar í heimildaritgerðum</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Gagnvirkur lestur</li> <li>SSLSR</li> <li>KVL</li> <li>Gerð heimildaritgerða</li> <li>Unnið með málshætti og orðtök</li> <li>Línurit, skífurit og sülurit samin og túlkuð</li> <li>Málfundur</li> <li>Bókasafnsnotkun</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Mat á meðferð heimilda í heimildaritgerðum</li> <li>Yfirlitspróf í lestri fyrir 8. bekk eftir Carlsten og Kristínu Aðalsteinsdóttur - lesskilningur</li> <li>Lesskilningsverkefni, samin í skóla</li> <li>Myndrit, próf samin í skóla</li> <li>Samræmt próf fyrir 7. bekk</li> </ul>
<b>Önnur atriði</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Aukinn orðaforði</li> <li>Sértæk aðstoð fyrir einstaka nemendur</li> <li>Nemendur með sértæka örðugleika fá aðstoð í prófum</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Nýting hljóðbóka eftir þörfum</li> <li>Foreldrum kynntar valdar kennsluáferðir</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Mat á lestrargetu - sértækir erfðleikar</li> <li>Aston Index-próf - sértækir erfðleikar</li> <li>Markviss skráning k. á framförum</li> </ul>



# Stefnumörkun fyrir 8.-10. bekk

Markmið - efnisþættir - inntak	Viðmið um árangur	Kennsluáferðir og skipulag	Matstæki og aðferðir
<b>Hraði</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Lesbraði og liðleiki aukinn</li> <li>• Hraðlestur</li> <li>• Leitarlestur</li> <li>• Yfirlitslestur</li> <li>• Nákvæmnislestur</li> <li>• Raddlestur</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Hljóðlestur 400 - 600 atkv./mín.</li> <li>• Raddlestur 300 - 350 atkv./mín.</li> <li>• Finnur upplýsingar í texta innan tiltekins tíma</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Hraðlestrámarkskeið, setninganalgun, orð-eininganalgun, skimun efnisgreina</li> <li>• Upplýsinga leitad, spurningum úr texta svarað</li> <li>• Tiltekin orð og orðasambönd greind</li> <li>• Lestur bóka af ýmsu tagi</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Hraðapróf, samin í skóla</li> <li>• GPL 9</li> <li>• Yfirlitspróf í lestri fyrir 8. bekk. eðfir Carlsen og Kristínu Aðalst.</li> <li>• Samræmd próf fyrir 10. bekk</li> </ul>
<b>Tækni og leikni</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Lestur heimildarita</li> <li>• Nýting atriðaðraskráa til að finna upplýsingar</li> <li>• Aðgreining beinna og óbeinna tilvitnana</li> <li>• Nýting orðabóka, símaskráa o.fl.</li> <li>• Lestur á töflum, línuritum o.fl. s.s. flugáætlanir, um ferðir strætisvagna, frá tryggingafélögum, o.s.frv.</li> <li>• Lestur samninga, eyðublaða, leiðbein. o.fl.</li> <li>• Framsógn</li> <li>• Þekking á eigin lestrarfærni</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Yfirfærir merkingu, munnlega eða skriflega án þess að taka hana orðrétt upp úr texta</li> <li>• Skýrir mun á beinni og óbeinni tilvitnun</li> <li>• Við nýja leit í bók, byrjar nem. á að leita í atriðaðraskrá, finnur leitarorð, flettir á blaðsíðu sem vísað var til og les</li> <li>• Betur stafrófi af hraða og leikni við að leita í orðabókum og símaskrá</li> <li>• Yfirfærir upplýsingar úr töflum og línuritum í munnl. og skriflegt form.</li> <li>• Útýllir; án vandkvæða, eyðublið, ávísanir og umsóknir</li> <li>• Fylgir leiðbeiningum s.s. uppskriftum</li> <li>• Les áheyrilega, miðað við ólíkan tilgang lestrar, eðlileg hrynjandi, áhersla á fyrsta atkvæði, notar greinamerki, framkoma í samræmi við tilgang lestrar</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Notkun leitaráttalana, sýnikennsla ⇔ n. endurtaka ⇔ n. vinna sjálfstætt; nem. gefnir leitarflokkar í byrjun, stigþyngist</li> <li>• KVL - flokkun leitarspurninga, flokkun efnisgreina</li> <li>• Sýnikennsla ⇔ n. endurtekur ⇔ n. vinnur einn</li> <li>• Uppllestur í litlum hópi, nemendur leiðbeina hver öðrum</li> <li>• Lesið inn á snældu til að greina raddlesturinn</li> <li>• Uppllestur fyrir bekk, sal, lítinn hóp eða fjölda áheyrenda</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• GPL 9</li> <li>• Yfirlitspróf í lestri fyrir 8. bekk. eðfir Carlsen og Kristínu Aðalsteinsd.</li> <li>• Samræmd próf fyrir 10. Bekk</li> </ul>

Frambald...

## Stefnumörkun fyrir 8.-10 bekk frh.

Markmið - efnisþættir - inntak	Viðmið um árangur	Kennsluáðferðir og skipulag	Matstæki og aðferðir
<p><b>Skilningur og viðhorf</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Greining aðalatriða úr texta</li> <li>Ályktanir dregnar af efni texta</li> <li>Lestur með gagnrýnu hugarfari</li> <li>Skilningur á algengum myndhverfingum og líkingum</li> <li>Spurningar samdar fyrir og eftir lestur</li> <li>Margbreytilegt efni valið til lestrar að eigin frumkvæði</li> <li>Tenging lesefnis við algildar hugmyndir og hugtök</li> <li>Lestur til ánægju</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Rekur heildstæðan efnisþráð og gerir grein fyrir helstu efnisþáttum s.s. atburðum, persónum, umhverfi og tíma og vinnur á samsvarandi hátt með fræði- og upplýsingatexta</li> <li>Greinir efni texta og dregur af honum ályktanir, greinir dýpri merkingu ljóða</li> <li>Útskýrir orð og orðasambönd, myndhverfingar og líkingar</li> <li>Sýnir áhuga á frjálsum lestri</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Gagnvirkur lestur</li> <li>SSLSR</li> <li>Heildstæð nálgun; allur textinn hver efnisgrein setningar og orðasambönd einstök atriði og orð</li> <li>Lestur á fjölbreyttu efni: bókmenntir, heimildir, upplýsingar, leiðbeiningar, töflur, gróf o.fl.</li> <li>Útdráttur, endursögn</li> <li>Spurningum svarað, búnar til spurningar</li> <li>Unnið með orð, orðtök, málskilning, ljóð, líkingar o.fl.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>GPL 9</li> <li>Yfirlitspróf í lestri fyrir 8. bekk eftir Carlsen og Kristínu Aðalsteinsd.</li> <li>Bókmenntapróf, samin í skóla</li> <li>Leskilningspróf, samin í skóla</li> <li>Lestur á töflum og myndritum, samin í skóla</li> <li>Samræmd próf fyrir 10. bekk</li> </ul>
<p><b>Önnur atriði</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Aukinn orðaforði</li> <li>Sértæk aðstoð fyrir einstaka nemendur</li> <li>Nemendur með sérþæka örðugleika fá aðstoð í prófum</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Þeir nemendur sem ekki hafa náð um og yfir 200 atkv./min. þurfa að fá sérþæka aðstoð</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Nýting hjóðbóka eftir þörfum</li> <li>Foreldrum kynntar valdar kennsluáðferðir</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Mat á lestraréttu - sértækir erfiðleikar</li> <li>Aston Index próf - sértækir erfiðleikar</li> <li>Markviss skráning k. á framföllum</li> </ul>

### III. Áherslur og kennsluaðferðir í lestri

Vísbendingar um einhæfni í aðferðum við lestrarkennslu, sem fram komu í fyrrgreindri könnun í febrúar 1997 (bls. 9-10), leiddu til þess að nauðsynlegt var talið að kynningar nokkrar áhrifaríkum kennsluaðferðum fylgdu með stefnumörkun í lestri. Um er að ræða aðferðir sem ekki hafa verið aðgengilegar fyrir íslenska kennara til þessa. Hér á eftir verður fjallað um:

- Mikilvægi þess að nemendur þessik sína eigin námshætti og viti hvernig þeir eiga að beita þeim. Þessi aðferð er nefnd hér Vitund um eigið nám.
- Hljóðlestur og raddlestur
- Viðhorf fræðimanna og kennara til lesskilnings.

- Kennsluaðferðir sem henta til að efla lesskilning. Hér er um að ræða SLSR, Gagnvirkan lestur og KVL en þessar aðferðir hafa hlotið mikla umfjöllun í erlendum fræðiritum um lestur. Það má beita þeim með nemendum þegar þeir hafa náð sæmilega góðu valdi á lestri og allt til skólaloka í 10. bekk.

Leitast er við að hafa umfjöllun um hverja aðferð stutta en þó þannig að kennarar geti fetað sig áfram sjálfir. Við hverja aðferð er vísað til heimilda og annarra gagnlegra rita um sama efni þannig að kennarar ættu að geta leitað ítarlegri umfjöllunar eftir því sem þeim hentar. Höfundar þessara skrifa eru Rósa Eggertsdóttir og Þóra Björk Jónsdóttir.

# 1. Vitund um eigið nám

Í auknum mæli hefur athygli beinst að virkni nemenda í eigin námi og hvort það skipti máli að þeir séu meðvitaðir um eigið nám. Rannsóknir sýna að svo sé (Palincsar og Ransom: 1988).

## Virkni nemenda

Mestu er talið skipta að hver nemandi hafi meðvitaða þekkingu á sjálfum sér sem námsmanni. Virkni og stjórn nemenda á eigin námi getur aukið til muna námsárangur þeirra. Í umfjöllun um þessa þætti hér á eftir er þetta nefnt Vitund um eigið nám (metacognition).

Vitund um eigið nám vísar til þekkingar einstaklings á þeim þáttum sem hafa áhrif á nám hans, hvernig hann vinnur að námi sínu og stjórnunar hans á þessum þáttum. Það sem snertir lestrarnám í þessu samhengi er einkum þrennt:

- Þekkingin á sjálfum sér sem lesara.
- Að átta sig á kröfum sem lestur á tilteknu efni gerir til lesandans.
- Vitund um þær aðferðir sem lesandinn getur beitt við lesturinn.

Talið er að að nemendur, sem eru ómeðvitaðir um tilgang og markmið lestrar, muni að öllum líkindum ekki tileinka sér nauðsynlegar aðferðir til að ná góðu valdi á lestri (skilningi, orðaforða, hraða). Einnig hefur komið í ljós að margir góðir

## Skilningur, orðaforði, hraði

lesarar þróa sínar eigin aðferðir. Miðlungsgóðir og slakir lesarar gera það síður eða jafnvel ekki. Slakir lesarar virðast einnig hafa aðra afstöðu til lestrar. Þeir líta svo á að tilgangurinn sé fremur að lesa orð en að textinn sé leið til að öðlast meiri skilning. Almennt er talið að án þjálfunar muni tiltek-

inn hópur lesara ekki efla með sér aukna færni lesskilnings.

Það hefur verið sýnt fram á að unnt er að kenna og þroska með nemendum leiðir til að þekkja sjálfa sig sem námsmenn. Þeir geta með þjálfun áttað sig á hvers konar námsleiðir henta best og hvernig þeir geta farið að því að stjórna sínu eigin námsferli. Þeir geta lært að greina út frá texta eða ytri aðstæðum hvenær þeir eiga að beita tiltekinni færni. Sem dæmi um mismunandi lestrarhegðun má nefna:

- að skima (yfirlitslestur),
- að skanna (leitarlestur),
- að nota til skiptis hraðlestur og hægastur,
- að spyrja sig spurninga,
- að átta sig á uppbyggingu texta,
- að afmarka meginhugmyndir,
- að draga ályktanir,
- að draga saman meginatriði,
- að greina orsök og afleiðingu,
- að greina kerfi röðunar í texta, t.d. atburða, tíma, umhverfis,
- að stunda sjálfsmat.

Þetta felur í sér að viðfangsefni geta krafist þess að nemendur geri áætlun um lesturinn og stjórni sjálfir mismunandi framvindu og lestrarlagi.

Palincsar og Ransom (1988) leggja til þrjú viðmið fyrir kennslu á þessu sviði :

- 1) Að vinnuaðferðir, sem kenndar eru, nýtist við margs konar lestur.
- 2) Að kennsluaðferðirnar hafi þann tvíþætta tilgang að efla gagnvirk tengsl nemanda við textann og að nemendur læri að stjórna því hve vel þeir skilja textann.

3) Að árangur kennslunnar skili sér í hlutfalli við þann tíma sem settur er í hana. Hér er átt við það að kennarar meti hvort þeim finnst rétt að setja mikinn tíma í kennslu sem skilar litlu — eða miklu. Dæmi: Það tekur langan tíma að kenna nemendum að gera góða útdrætti. Vegna þess hve nytsamt það er að geta gert þetta vel telur kennari tímanum til kennslunnar vel varið.

‡ Svo virðist sem að þær hugmyndir, sem  
**Aukin vitund** hver og einn hefur um sjálfan sig sem námsmann, hafi áhrif á áhuga hans til að öðlast enn frekari færni og beita henni á meðvitaðan hátt. Þetta þýðir

að nemandi, sem hefur lítið álit á sjálfum sér sem námsmanni og beitir engum sérstökum leiðum í námi, er ekki líklegur til að hafa áhuga á að bæta við sig nýjum námsaðferðum. Gagnstætt þessu eru líkur á því að nemandi, sem hefur vel uppbyggða og raunhæfa vitund um sjálfan sig í námi, hafi áhuga á að öðlast enn meiri námsfærni. Hér er ekki verið að vísa til námsárangurs heldur vitneskju nemanda um eigin færni til náms. Aukin vitund nemanda um eigið nám skilar sér yfirleitt í bættum námsárangri. Þessi vitund gefur nemandanum vitneskju um eigin hugsun og hvernig hann getur stjórnað henni í mismunandi námsaðstæðum.

### Heimildir og önnur gagnleg rit:

---

Armbruster, B. B. og A.L. Brown. 1984. Learning from Reading: The role of Metacognition. *Learning to Read in American Schools. Basal Readers and Content Texts*. Ritstjórar: R. C. Anderson o.fl. New Jersey, LEA.

Baker og Brown. 1984. Metacognitive Skills and Reading. *The Handbook of Reading Research*. Ritstjóri: P. David Pearson. New York, Longman.

Garner, Ruth. 1992. Metacognition and Self-Monitoring Strategies. *What Research Has to Say About Reading Instructions*. 2. útg. Ritstjórar: Jay Samuels og Alan E. Farstrup. Newark, IRA (International Reading Association).

Palincsar, A.S. og Ransom, K. 1988. *From the Mystery Spot to the Thoughtful Spot: The Instruction of Metacognitive strategies*. The Reading Teacher. Vol.41. No.8. p.784-789.

Saarnio, D.A., E.R.Oka, og S.G. Paris. 1990. Developmental Predictors of Children's Reading Comprehension. *Reading and its Development. Component Skills Approaches*. Ritstjórar: Carr, Th. H. og Levy, B.A. San Diego, Academic Press, Inc.

Sticht, Thomas. G og McDonald, Barbara A. 1992. Teaching Adults to Read. *What Research Has to Say About Reading Instructions*. 2. útg. Ritstjórar: S. J. Samuels og Alan E. Farstrup. Newark: IRA (International Reading Association).

## 2. Hljóðlestur - raddlestur

\* Raddlestur er sá lestur sem lesinn er upphátt, andstætt hljóðlestri sem er hljóð afhöfn. Það er grundvallarmunur á þessum tveimur aðferðum. Almennt má segja að tilgangur raddlestrar sé:

- að gefa kennurum færi á því að meta gæði lestrar
- að lesa fyrir áheyrendur
- að hópur öðlist sameiginlega reynslu.

Raddlestur gerir kröfur um jafnan en takmarkaðan leshraða, einkum þegar verið er að lesa fyrir áheyrendur. Slíkur lestur, sem í

### Raddlestur gerir kröfur um jafnan en takmarkaðan leshraða

raun er upplestur, lýtur sérstökum lög- málum um hrynjandi og framkomu.

Það er góð regla að gefa nemendum tækifæri á að æfa sig fyrir raddlestur ef þeir eiga að lesa fyrir annan en kennara.

\* Byrjendur í lestri lesa almennt upphátt á meðan þeir eru að þjálfá tæknilega hlið lestrarferlisins. Þegar tiltekinni færni er náð fara nemendur að lesa æ meira í hljóði og samfara þessu verður leshraðinn meiri í hljóðlestri en raddlestri.

Það virðist vera algengt í skólum, hérlendis sem erlendis, að láta nemendur frumlesa texta námsefnis í kennslustundum með því að hver og einn nemandi les hluta efnis upphátt og hinum nemendum er ætlað að fylgjast með í hljóði. Það er eftirtektarvert hve algeng þessi aðferð er þrátt fyrir að þegar árið 1920 voru skilgreindir gallar á henni og ráðið frá notkun hennar (O'Donnell: 1992; Crawley:1995). Rökin eru fyrst og fremst þau:

- að slíkur upplestur krefur alla nemendur

um að fylgja leshraða annars nemanda en ekki sínum eigin

- að leshraði hljóðlestrar er mun meiri en raddlestrar
- að lesskilningur er betri við hljóðlestur
- að nemendur virðast frekar eyða tíma í að reikna út hvar röðin komi að þeim í lestrinum, heldur en að hugsa fyrst og fremst um inntak efnisins.

\* Hljóðlestur getur verið mismunandi eftir því hvaða kröfur textinn gerir til lesandans hverju sinni. Við hljóðlestur þarf lesandinn ekki að hafa áhyggjur af framsögn og getur einbeitt sér að merkingunni. Helstu kostir hljóðlestrar eru: aukinn skilningur, aukinn leshraði og síðast en ekki síst gefur hann færi á fjölbreytilegu lestrarlagi. Aðallega er talað um þrjú svið í því sambandi: skimun eða yfirlitslestur, skönnun eða leitarlestur og nákvæmnislestur. Við hljóðlestur getur lesandinn endurlesið hluta texta eftir þörfum til að átta sig betur á merkingu hans. Raddlestur leyfir það síður.

Var sem staða nemenda í lestri er misjöfn þykir eðlilegt að þeir fái misjöfn verkefni að glíma við. Það getur þó haft neikvæðar afleiðingar ef ekki er gætt vel að eðli verkefnanna. Rannsóknir á hljóðlestri hafa sýnt að kennarar virðast láta góða lesara fá hljóðlestrarverkefni sem reyna á lesskilning en leggja fyrir slakari lesara verkefni sem reyna fyrst og fremst á lestrartæknina á kostnað lesskilnings (Samuels:1992). Seinni hópurinn fær með þessu móti minni þjálfun við að ná merkingu úr texta auk þess að fá litla þjálfun í að átta sig á eigin námsháttum - þ.e. vitund um eigið nám.

\* Annað sem hefur komið fram er að sumir nemendur bæra varirnar þótt þeir lesi í hljóði. Kennarar reyna stundum að venja þá af því. Þessi lestraraðferð vísar fyrst og fremst til þess að textinn reynist lesandanum þungur og ættu kennarar fremur að huga að breyttri þyngd texta. Yfirleitt eru það slakir lesarar sem bæra varirnar í hljóðlestri en þó má einnig sjá færa lesara gera það, einkum ef þeir eru að lesa texta sem þeim finnst erfitt að skilja (O'Donnell:1992).

Ekki er vitað um hve mikil áhersla er lögð á raddlestur og hljóðlestur í íslenskum skólum. Hér er lagt til að rækt verði lögð við báðar aðferðir. Styðja ætti við raddlestur á meðan nemendur eru að ná frumvaldi á lestri, sem og í formi upplestrar, og er þá í raun um framsögn að ræða og þyrfti kennslan að taka mið af því. Á sama hátt er lagt til að rík og markviss áhersla verði á hljóðlestur og að nemendum séu búnar aðstæður til að stunda hann og fá til þess leiðbeiningar.

---

### Heimildir og önnur gagnleg rit:

---

Beard, Roger. 1990. *Developing Reading 3-13*. 2. útg. London, St. Edmundsbury Press.

Crawley, Sharon J. og Mountain Lee. 1995. *Strategies for Guiding Content Reading*. 2. útg. Needham Heights, Allyn and Bacon.

Grellet, Françoise. 1981. *Developing Reading Skills*. Cambridge, Cambridge University Press.

O'Donnell, Michael P. og Wood, Margo. 1992. *Becoming a Reader: A Developmental Approach to Reading Instruction*. Needham Heights, Allyn and Bacon.

Samuels, S. Jay og Farstrup, Alan E. ritstjórar. 1992. *What research has to say about reading instructions*. Newark, Delaware, IRA, (International Reading Association).

Templeton, Shane og Bear, Donald R. ritstjórar. 1992. *Development of Orthographic Knowledge and the Foundations of Literacy: A memorial Festschrift for Edmund H. Henderson*. New Jersey, Lawrence Erlbaum Associates Inc. Publishers.

## 3. Lesskilningur

Segja má að lesskilningur sé það að meðtaka merkingu lesins texta. Við fyrstu sýn virðist vera um einfalda aðgerð að ræða.

### Aukinn möguleiki á lesskilningi

Kennarar hafa áttað sig á því að svo er ekki. Til að auka möguleika á sem bestum skilningi grípur lesandi til fjölpættar færni, auk tæknilegrar kunnáttu varðandi lestrarferlið sjálf. Hæst ber fyrri reynslu lesandans og færni hans til að taka saman aðalatriði efnis. Hann spyr sig spurninga út frá því sem sagt er, dregur ályktanir út frá því sem ekki er bókstaflega sagt og spáir fyrir um líklegt framhald.

\* Góður lesskilningur er undirstaða árangursríks bóknáms. Þess vegna skiptir miklu máli hvernig skólar standa að kennslu lesskilnings. Reyndar er talið að litlum tíma sé varið í skólum til að kenna nemendum aðferðir við að skilja texta. Þess í stað eru kennarar stöðugt að meta hvort nemendur hafi skilið texta. Í þekktri rannsókn, sem Dolores Durkin stóð að árin 1978 og 1979, kom í ljós að um 1% af 300 kennslustundum var varið í kennslu lesskilnings eða umræður um hvernig ætti að fara að því að skilja texta. Reyndar hefur Durkin verið gagnrýnd fyrir að skilgreina lesskilning heldur þröngt en skilaboðin eru engu að síður skýr (Irving:1990:116).

**Könnun 1997** Í könnun, sem gerð var veturinn 1997 í skólum á Norðurlandi eystra um lestrar-kennslu (bls. 8 til 9), koma ekki fram neinar sérstakar aðferðir sem kennarar nota til að kenna lesskilning (Rósa Eggertsdóttir:1997).

Segja má að tvenns konar viðhorf hafi ver-

ið ríkjandi gagnvart lesskilningi og því hvernig skuli kenna hann. Hefðbundin sjónarmið ganga út frá því að textinn sé þungamiðjan og hann beri að skoða gaumgæfilega. Lesskilningur er álitinn vera samsafn mismunandi færniþátta s.s. að finna meginhugmyndir, finna einstök atriði, skynja röð atburða og byggja upp orðaförða. Gert er ráð fyrir að meta megi færni nemenda í hverjum þætti og skorti kunnáttu á einhverju sviðinu megi kenna það afmarkað, óháð hinum.

### Tvenns konar sjónarmið

Nýrri sjónarmið ganga út frá því að reynsla lesandans sé mikilvægari en það sem kann að vera í hverjum texta (Grellet: 1981). Skilningur er talinn byggja á því hvernig ný þekking tengist fyrri þekkingu lesandans. Á meðan á lestri stendur reynir lesandinn stöðugt að samsama reynslu sína efni textans, hann byggir brýr á milli reynslu og efnis og þannig verður textinn merkingarbær. Út frá þessu sjónarmiði geta tveir lesendur skilið sama texta á mismunandi hátt. Í raun má segja að nýrra sjónarmiðið hafni ekki efnisþáttum sem hefðbundin sjónarmið ganga út frá heldur verður vægið annað. Textinn er ekki endilega það mikilvægasta heldur lesandinn. Lestur er þannig álitinn vera víxlverkun eða gagnvirkni á milli lesanda og texta, ef svo má segja. Lesandinn er virkur í ferlinu og persóna hans og reynsla skiptir meginmáli.

Samfara hefðbundnum sjónarmiðum um lesskilning hefur áhersla verið lögð á orð og orðasambönd sem og styttri setningar (Grellet: 1981). Þetta sjónarmið end-

### Heildstæð nálgun



urspeglast í ýmsum lesskilningsverkefnum og lesskilningsprófum. Finna má ýms dæmi úr samræmdum prófum fyrir 10. bekk þar sem spurt er um einstök atriði frekar en heildarmerkingu, jafnvel sértæk smáatriði sem engu máli virðast skipta fyrir meginefni textans. Þessi eindarnálgun gerir þá kröfu að nemendur verða að lesa hvert orð til að festa sér í minni. Slíkur lestur er líklegur til að draga úr leshraða, afköstum og jafnvel yfirsýn.

- \* Nýrri sjónarmið ganga út frá heildarmerkingu texta en lesandi færir sig á seinni stigum yfir í skilning á einstökum einingum.

### Lesskilningsverkefni í skólastarfi

Nemendur þurfa að geta sagt frá aðalatriðum og geta dregið ályktanir af efni textans. Sértæk atriði textans eru ekki í fyrirrúmi. Lesskilningsverkefni í skólastarfi ættu í byrjun alltaf að ganga út frá heildarskilningi textans, en vinna með orðaforða og sértæk atriði sem hliðarverkefni. Talið er að heildaraðferðin efli gagnrýna hugsun nemenda og efli sjálfstraust þeirra sem námsmanna þar sem auðveldara er að gera grein fyrir heildarmerkingu heldur en sértækum þáttum. Einnig er talið að heildaraðferðin efli vitund nemenda um hvernig textar eru byggðir upp og geri þeim kleift að styðjast við fleiri þætti sem saman hjálpa þeim að byggja upp skilning, t.d. útlit texta, myndefni, töflur, kaflafyrirsagnir og annað í þeim dúr.

- \* Í ýmsu starfi skólanna má sjá dæmi beggja aðferðanna, þ.e. heildstæðrar nálgunar og eindarnálgunar. Nærtækt er að nefna byrjendakennslu í lestri í því sambandi. Hljóðaðferðin gengur út frá einingum sem saman

mynda stafasamstæður og orð. Nokkur orð mynda setningar, setningar mynda málsgreinar og málsgreinar efnisgreinar. Dæmi um heildstæða nálgun í byrjendakennslu eru LTG aðferðin sem sagt er frá í Þetta er ..... (Bryndís Gunnarsdóttir:1988) og Heildarlestur Frosts (Frost:1984). Lögð er áhersla á stærri heildir textans, s.s. efnisgreinar, kafla eða textann í heild sinni. Nemendur vinna með heildstæðan texta og í kjölfar vinnu með merkingu textans fara þeir í sundurgreinandi vinnu með setningar, orð og stafi.


LTG aðferðin

- \* Á síðustu áratugum hefur átt sér stað mikil umræða meðal fræðimanna um lesskilning. Í kjölfarið hafa verið kynntar nýjar hugmyndir um lesskilning. Þær eiga það sameiginlegt að leggja áherslu á að lestur sé stöðugt ferli ágiskana, forspáa, spurninga og athugana.

### Lesskilningsferli

#### Líkan að lesskilningsferlinu

(Grellet:1981,7):



Námssálarfræðin leggur áherslu á að kenna nemendum að spá fyrir um efni texta og að þeir átti sig á að tengsl eru á milli forspár og skilnings (Howe:1988,115). Heildarlestur (Frost:1984) leggur mikla áherslu á forspá um merkingu texta út frá útliti, uppsetningu og myndefni ásamt samræðum um efni textans og forspá um hvað gæti verið fjallað um næst.

Í ljósi þessara viðhorfa, sem og eigin rannsóknna, settu Brown og Palincsar (1985:10) fram kennsluáðferðina Gagnvirkan lestur (bls. 35). Áðferðin felur í sér fjögur stig:

- 1) samantekt á meginefni texta
- 2) myndun hugsanlegra prófspurninga
- 3) útskýringar á óljóstri merkingu orða og orðasambanda
- 4) forspá um framhald textans.

Þessi áðferð hefur náð mikilli útbreiðslu, ekki síst vegna þess hve auðveld hún þykir í kennslu og hve fljótt nemendur ná árangri.

Í kaflanum um lestur, lestrarkennsla og stefnumörkun (bls. 7 - 10) er þess getið að skólar leggja aðallega áherslu á að meta lesskilning í stað þess að kenna áðferðir til að ná

valdi á honum. Þegar það er haft í huga, að lestur nemenda á miðstigi og unglingsstigi er fyrst og fremst leið til að afla þekkingar og til að efla gagnrýna hugsun, er augljóst að lesskilningur er undirstöðuaðtriði náms. Þess vegna þarf að kenna leiðir til aukins lesskilnings og í þeirri kennslu þarf að aðgreina efni og áðgerðir. Spurningaferli hafa reynst vel í því sambandi. Um tvenns konar spurningar getur verið að ræða, þ.e. efnis-spurningar sem beinast að innihaldi þess

sem lesið er og áðgerðaspurningar sem beinast að því hvernig lesandinn beitir sér við lesturinn. Nemandinn þarf að tileinka sér báðar gerðir spurninganna. Venjan er sú að kennari spyr spurninganna. Til þess að nemandinn geti orðið sjálfstæður í lestri sínum þarf að kenna honum að spyrja sjálfan sig um efni textans og um leið að kenna honum áðferðir við mismunandi texta. Irving (1990) telur að nemendur eigi að spyrja sig um efni og áðgerðir áður en lesið er, á meðan lesið er og á eftir lestri. Hún gefur dæmi um slíkar nemendaspurningar:

Áður en lesið er geta nemendur spurt sig:

- a. Hver er tilgangur minn með þessum lestri?
- b. Hvers konar verkefni verð ég beðin/n um að gera (próf, ritun, frásögn)?
- c. Hvað veit ég um efnið?
- d. Veit ég nægilega mikið til að hraðlesa efnið eða ætti ég að lesa það rólega og vandlega og ef til vill að glósa hjá mér?
- e. Hvernig er textinn skipulagður?
- f. Hvaða meginorð geta hjálpað mér við að skilja textann?
- g. Hvað gæti ég lært af þessum lestri?

### Spurningar

Á meðan lesið er geta nemendur spurt sig:

- a. Skil ég það sem ég er að lesa? Átta ég mig á þessu?
- b. Hvað var ég að lesa (samantekt)?
- c. Hvernig tengjast hugmyndir í einni efnisgrein þeirri næstu?
- d. Hvað mun ég læra á næstu efnisgreinum / síðum?

Á eftir lestri geta nemendur spurt sig:

- a. Hvaða meginhugmyndir voru í textanum sem ég var að lesa?

## Nám og kennsla

- b. Hvað lærði ég sem var nýtt?  
c. Hvað geri ég við þessar upplýsingar núna?

(Irving, 1990)

#### Mikilvæg hlutverk kennara

Eitt af mikilvægum hlutverkum kennara er að hjálpa nemendum að skilja lesinn texta. Þeir þurfa að kenna nemendum vinnuaðferðir sem þeir geta beitt til þess að auka möguleika sína á að skilja texta hraðar og betur en áður. Ekki síður þarf að kenna nemendum til hvaða ráða þeir eiga að grípa þegar þeir standa frammi fyrir texta sem þeir skilja illa eða alls ekki. Um þessa sérstöku færni er fjallað í kafla sem ber nafnið Vitund um eigið nám (bls. 21).

#### Góður lesskilningur

Það hefur komið í ljós að lesendur beita mismunandi aðferðum við að ná merkingu úr texta. Hluti nemenda, sem gjarnan nær góðum árangri í námi, virðast þróa snemma sínar eigin aðferðir en miðlungsgóðir og slakir lesarar virðast síður þróa með sér þessar aðferðir. Rannsóknir hafa sýnt að unnt er að kenna þessum tveimur hópum nemenda árangursríkar aðferðir og auka þannig möguleika þeirra til meira náms mun fyrr en ella (Brown og Palincsar: 1985). Talsvert hefur verið gert til þess að afla vitneskju um hvaða aðferðum lesendur, sem sýna góðan skilning, beita. Svo virðist sem þeir leggi áherslu á að muna meginatriði fremur en smáatriði, endurlesi mikilvæga kafla, fari aftur í texta til að fá vísbendingar um það sem mun verða fjallað um, staldri við í lestrinum og spyrji sig spurninga til að athuga hvort þeir hafi

skilið efnið. Þeir stjórna sinni eigin lestrarhegðun og auka þannig eða draga úr hraðanum eftir þörfum og loks virðast þeir íhuga fyrri þekkingu sína til að sjá hvort þeir geti tengt hana við nýjar upplýsingar sem kunna að vera í textanum. Slakir lesarar grípa ekki sjálfkrafa til þessara aðferða heldur lesa texta með jöfnum hraða og endurlesa aftur og aftur, skilji þeir ekki. Slík endurtekning, ein og sér, er ekki talin auka skilning á efninu.

Segja má að tilgangur lestrar sé sá að lesa sér til ánægju og til að fræðast. Lestrarefnið er misjafnt. Má t.d. nefna sögur, ljóð, leikrit, bréf, kort, skeyti, dagblöð, skýrslur, reikninga, handbækur, bæklinga, uppskriftir, auglýsingar, leiðbeiningar, símaskrár, orðabækur o.s.frv. Góður lesari býr yfir mismunandi lestraraðferðum og grípur til hvernar og einnar eftir þörfum. Stundum eru þessar aðferðir samþættar eða notaðar hver á fætur annarri. Helstu aðferðir við lestur eru:

- Yfirlitslestur - skimun (skimming): Augunum er rennt yfir textann til að fá hugmynd um efni hans. Þetta er lauslegur lestur og ekki til þess ætlast að lesandinn leggi efnið á minnið en hann veit nokkurn veginn aðalatriðin.
- Leitarlestur - skönnun (scanning): Lesandi fer hratt yfir textann í leit að sérstöku atriði eða efni. Ef það finnst þá staldrar hann við og grípur til annars lestrarlags.
- Nákvæmnislestur (intensive): Um er að ræða lestur til að ná sérstökum upplýsingum. Þetta er hægur lestur þar sem leit-

#### Mismunandi textar - mismunandi lestur

ast er við að skilja efnisleg smáatriði ekki síður en heildarmerkingu efnis.

(Beard:1990; Robeck og Wallace:1990;  
Crawley og Mountain:1995)

Margar leiðir hafa verið reyndar til að efla lesskilning nemenda. Í þessu riti verða kynntar þrjár aðferðir sem allar hafa gefið góðan árangur. Um er að ræða SSLSR (skoða - segja - lesa - spyrja - rifja upp)

## Lesskilningur og kennsluáðferðir

(Robinson:1946,1970); Gagnvirkan lestur (Brown og Palincsar:1985) og KVL (kann - vil vita - hef lært) (Ogle, D. 1986).

Þessar aðferðir eiga margt sameiginlegt þó að hver og ein hafi sín sérkenni. Má nefna í því sambandi heildstæða nálgun út frá heildarskilningi á viðfangsefninu, spurningar nemenda um efnið og um og úr textanum sjálfum, forspá um framhald efnisins og síðast en ekki síst sú mikla áhersla sem lögð er á umræður nemenda um efnið og textann.

## Heimildir og önnur gagnleg rit:

Aðalnámskrá grunnskóla. 1989. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.

Anderson, R.C., Osborn, J., Tierney, R.J. ritstjórar. 1984. *Learning to Read in American Schools. Basal Readers and Content Texts.* New Jersey, LEA.

Beard, Roger. 1990. *Developing Reading 3-13.* 2. útg. London, Hodder & Stoughton.

Bloom, Benjamin, Engelbart, Max D., Furst, Edward J., Hill, Walker H., Krathwohl, David R. 1956. *Taxonomy of Educational Objectives. The Classification of Educational Goals. Handbook I: Cognitive Domain.* Ritstjóri: Benjamin Bloom. New York, David McKay.

Brown, Ann L. og Palincsar, Annemarie Sullivan. April 1985. *Reciprocal Teaching of Comprehension Strategies: A Natural History of One Program for Enhancing Learning.* Technical Report No. 334.

Bryndís Gunnarsdóttir. 1988. Þetta er..... *Skýrsla um LTG-lestrarkennslu í Æfinga- og tilraunaskóla KHÍ veturnar 1980-1984*. Reykjavík, KHÍ.

Crawley, Sharon J. og Mountain, Lee. 1995. *Strategies for Guiding Content Reading*. 2. útg. Boston, Allyn and Bacon.

Frost, Jörgen. 1984. *Den Individuelle undervisning I dansk*. Copenhagen, Gyldendal.

Grellet, Françoise. 1981. *Developing Reading Skills. A practical guide to reading comprehension exercises*. 10. prentun. Cambridge, Cambridge University Press.

Howe, Michael, A.J. 1988. *A Teachers' Guide to the Psychology of Learning*. Oxford, Basil Blackwell.

Irving, Judith, L. 1990. *Reading and the Middle School Student. Strategies to Enhance Literacy*. London, Allyn and Bacon.

Ogle, Donna, M. 1986. K-W-L: *a teaching model that develops active reading of expository text*. *The Reading Teacher*, 39, 564-571.

Pumfrey, Peter D. og Reason, Rea. 1991. *Specific Learning Difficulties (Dyslexia). Challenges and Responses*. 2. prentun. London, Routledge.

Robeck, Mildred C. og Wallace, Randall, R. 1990. *The Psychology of Reading. An Interdisciplinary Approach*. 2. útg. New Jersey, LEA.

Robinson, FP (1946:1970) Sjá Samuels og Farstrup, 1992 og Irving 1990.

Rósa Eggertsdóttir. 1997. *Könnun á lestrarkennslu á Norðurlandi eystra*. Akureyri, Skólafjónusta Eypings. Óbirt skýrsla.

Samuels, S. Jay og Farstrup, Alan E. ritstjórar. 1992. *What research has to say about reading instructions*. Newark, Delaware, IRA (International Reading Association).

Vacca, Jo Anne L., Vacca, Richard T. og Gove, Mary K. 1995. *Reading and Learning to Read*. 3. útg. New York, Harper Collins College Publishers.

## 4. Skoða, spyrja, lesa, segja, rifja upp:

Lestur, lesskilningur og námstækni á mið- og unglíngastigi eru nátengdir þættir. Eins og kemur fram í kaflanum um lesskilning, hér að framan, er talið að um ákveðið ferli sé að ræða við lestur og lesskilning. Þar er byggt á athöfnum sem fara fram áður, á meðan og eftir að lesið er. Þetta eru sömu athafnir og einkenna flest námstæknikerfi. Í námstækni er ferlið þannig að í upphafi er tilgangur með náminu, þ.e. lestrinum, gerður ljós eða meðvitaður. Eftir það er forskoðun efnis með því að skima, skanna og spá í efnið og því næst er textinn lesinn yfir. Á meðan á lestri stendur hlýðir nemandinn sér yfir annað slagið og loks rifjar hann upp aðalatriðin án bókar.

Þegar efni, sem kenna á, hefur verið ákveðið og kennarinn er búinn að velja texta, sem hann telur að muni styðja við nám nemenda, er þeim kennt að læra af bókinni. SLSR er ein aðferð til þess. Á ensku heitir hún SQ3R: Survey - Question - Read - Recite - Review. Aðferðin, sem er ýmist kölluð lestraraðferð eða námstækni, er nefnd í mörgum bókum sem fjalla um lestur á mið- og unglíngastigi og lestur lesgreina. Aðferðin er talin vera ein algengasta námstækni aðferðin sem kennd er. Hún er einföld og kennarar, sem hafa kennt hana, telja nám nemenda sinna verða markvissara.

### Aðferðin

Aðferðin byggir á fimm þrepum sem hvert fyrir sig taka mismikinn tíma. Þrepin eru nefnd: skoða, spyrja, lesa, segja, rifja upp.

1. Fyrst þarf að skoða textann sem lesa á. Nemendur lesa fyrirsögn kaflans og milli-

fyrirsagnir, skoða myndir, töflur og gróf og lesa myndatexta. Þeir þurfa að líta yfir feitletranir og skáletruð orð eða setningar. Þetta hjálpar nemendunum að gera sér grein fyrir uppbyggingu kaflans og að takast á við nýjan orðaforða. Því næst lesa nemendur kaflakynningu eða upphaf kafla og lokaorð eða samantekt. Þetta hjálpar til við að fá heildarmynd af kaflanum og aðalatriðum sem hann fjallar um. Þessi hluti á ekki að taka meira en 5 til 10 mínútur. Kaflinn er ekki lesinn strax, heldur er einungis verið að fá hugmynd um efnið.

2. Næst spyrja nemendur spurninga sem þeir halda að þeir fái svör við í kaflanum. Þeir búa til spurningar úr hverjum hluta kaflans, breyta fyrirsögn og millifyrirsögnum, ef einhverjar eru, í spurningar. Nemendur eru hvattir til að búa til spurningar sem þeir myndu spyrja ef þeir væru kennarar. Spurningarnar eru skráðar niður. Með þessu gera nemendur sér grein fyrir hvað er mikilvægt í kaflanum og verða sjálfstæðari í náminu og minna háðir kennaranum en ella.
3. Fyrst núna er komið að því að lesa kaflann. Nemendur lesa hvern kaflahluta fyrir sig til að fá svar við spurningum sínum. Þeim á að svara skriflega. Þessi lestur krefst einbeitingar. Hér er mikilvægt að nemendur kunni að stjórna leshraða sínum, þ.e. lesa hratt yfir þegar við á, hægja á þegar erfiðir kaflar eru og endurlesa það sem ekki er ljóst við fyrsta lestur. Nemandinn er virkur, leitar svara við spurningum sínum og skráir svörin. Eftir hverja spurningu er komið að næsta þrepi.

4. Nemendur eiga að líta upp frá lestrinum, spyrja sig hvað þeir hafi verið að lesa og segja frá aðalatriðum með eigin orðum. Þeir segja og skrá niður með eigin orðum en ekki beint úr bókinni því þeir muna betur það sem þeir hafa sjálfir gert. Nemendur eru hvattir til að nota sem flestar aðferðir og leiðir: sjá, segja, heyra og skrá. Þessi þáttur í vinnunni getur tekið mikinn hluta heildartímans, mismunandi eftir efni textans. Hugsanlega fer allt að 90% tímans í að læra reglur og formúlur. Talað er um að við líffræðinám þurfi 50% að fara í frásögn eftir lestur en einungis 30% tímans þegar námsbókin er byggð upp á frásögnum. Þetta hjálpar nemendum að auka minnið og einbeita sér að verkefninu sem þeir eru að vinna. Á þessu stigi gera nemendur sér einnig grein fyrir hvað þeir hafa ekki skilið.
5. Loks er komið að því að rifja upp. Nemendur skima eða yfirlitslesa fyrirsagnir og svara spurningunum sem þeir gerðu sjálfir. Þetta þarf að gera oft, fyrst innan sólarhrings eftir lesturinn, því gleymiskan er mest á fyrsta sólarhringnum.

Kennarar þurfa sjálfir að reyna þessa aðferð áður en þeir fara að kenna nemendum hana. Það er mikilvægt að prófa hvernig

### Kennslan

hún hentar þeim texta sem verið er að fást við. Kenna þarf nemendum þessi vinnubrögð í áföngum og er þá mikilvægt að textinn, sem notaður er sem kennslutexti, henti vel. Í upphafi fer kennslan fram sem bekkjarkennsla. Kennarinn fer yfir fyrsta þrepið með nemendum með sýnikennslu og orðar hugsanir sínar um leið. Þannig læra nemendur að taka eftir og „kveikja á sér”.

Við kennslu á öðru þrepi, spurningamyndun, er millifyrirsögnum eða feitletruðum/skáletruðum orðum breytt í spurningar. Þetta er **Spurningamyndun** gott að gera með glæru og leiða nemendur þannig í gegnum vinnubrögðin. Oft getur verið erfitt að búa til spurningar úr fyrirsögnum. Þá eru aðrar leiðir farnar, eins og að spyrja út frá því sem nemendur halda að kaflinn fjalli um. Þetta þrep reynist nemendum og kennurum erfiðast en einnig hvað mikilvægast. Á þessu stigi verður tilgangurinn með lestrinum ljós. Þegar kennarinn hefur sýnt vinnubrögðin og nemendur hafa reynt að búa til spurningar er þeim skipt í hópa. Fyrst vinna þeir saman í pörum á meðan þeir eru að ná tökum á aðferðinni, eftir það geta hóparnir stækkað í 3 - 4. Hver hópur býr til spurningar og setur þær fram skriflega. Kennsla í þessum vinnubrögðum tekur tíma og gera þarf ráð fyrir að nemendur séu misfljótir að tileinka sér vinnubrögðin.

Þegar spurningarnar eru tilbúnar er komið að því að lesa. Kennarinn getur í upphafi lesið með nemendum og svarað spurningum á glæru. Þá er hægt að skipta nemendum í hópa. Hver hópur les texta saman og hópar skila skriflegum svörum.

Eftir lesturinn er komið að því að segja frá því sem lesið var. Það er gert munnlega fyrst og með eigin orðum. Hvað var ég að lesa? Hvert er aðalatriðið í þessum þætti eða kafla? Hér er einnig mikilvægt að kennarinn noti sýnikennslu svo nemendur sjái og heyri hvernig farið er að. Hér leggja nemendur bókina frá sér og tala við næsta mann ef þeir eru að vinna saman eða bara

tuldra við sjálfan sig ef þeir eru einir að læra. Það nægir ekki að hugsa um efnið heldur þarf að setja orð á hugsunina, þannig muna þeir betur það sem þeir voru að lesa.

**Yfirferðin** Yfirferðinni má skipta niður þannig að hver leskaflí sé stuttur. Stundum ræðst þetta af efnisgreinum en oft þarf kennari að afmarka lengd texta sem vinna á með. Ágætt er að nota einhverja viðmiðun þegar ákveðin er lengd texta til að vinna með í hvert sinn. Þannig getur spönn (bilið milli góma þumalfingurs og löngutangar) verið hámarkslengd þegar um frásagnar-texta eða sögutexta er að ræða. Hálf spönn er alveg nóg í erfiðari fræðilegum texta. Þrep tvö (spyrja), þrjú (lesa) og fjögur (segja) eru endurtekin þar til kaflinn hefur verið lesinn og öllum spurningum svarað.

Lokabrep SSLSR-aðferðarinnar er að rifja upp. Þar sem þetta er algeng námstækni við sjálfstætt nám er gert ráð fyrir að rifjað sé upp innan sólarhrings frá fyrsta lestri og svo aftur t.d. eftir nokkra daga eða eina viku. Þegar aðferðin er notuð með hópum getur upprifjunin verið á þann veg að hóparnir fara í spurningaleik eða vinna með spurningar hvers annars.

## Lokabrep SSLSR aðferðarinnar

Reynslan sýnir að nemendur eru ekki sérstaklega áhugasamir að nota þessa aðferð í byrjun. Það er einfaldara og krefst minni vinnu að vera óvirkur lesandi. Að kenna markviss sjálfstæð vinnubrögð við náms-tækni er hins vegar talið með því nota-drýgsta sem nemendum er kennt í skóla. SSLSR er aðferð sem hægt er að kenna nemendum frá 8 til 9 ára aldri.

## Yfirlit yfir SSLSR

### 1. ÞREP ⇔ Texti skoðaður

Nemandinn skoðar myndir, fyrirsagnir og feitletranir í kaflanum eða kaflahlutanum sem lesa á.

### 2. ÞREP ⇔ Spurninga er spurt

Nemandinn spyr kennaralegra spurninga, t.d. út úr hverri efnisgrein. Hann styðst við milli-fyrirsagnir og hvers hann varð vísari.

### 3. ÞREP ⇔ Textinn lesinn

Nemandinn les textann til að svara spurningunum.

### 4. ÞREP ⇔ Sagt frá efni textans

Nemandinn segir munnlega og með eigin orðum frá efninu sem lesið var.

### 5. ÞREP ⇔ Efnið rifjað upp

Nemandinn rifjar upp efnið með aðstoð spurninganna.



#### 4. Skoða, spyrja, lesa, segja, rifja upp

---

Reynsla nokkurra kennara á Norðurlandi eystra, sem reyndu þessa aðferð með nemendum sínum í tengslum við fyrrnefnt lestrarnámskeið, var sú að:

- námsefni grunnskólans er misvel fallið til að nýta aðferðina,
- nemendum líkaði vel að nota þessi vinnubrögð þegar þeir voru búnir að venjast þeim
- námið varð markvissara
- kennslan varð skemmtilegri
- mikilvægt er að kenna vinnubrögðin vel
- erfiðast var að ná tókum á spurningagerðinni

#### Heimildir og önnur gagnleg rit:

---

Beard, Roger. 1990. *Developing Reading 3-13* 2. útg. London, Hodder & Stoughton.

Bos, C.S. og S. Vaugham. 1991. *Strategies for Teaching Students with Learning and Behavior Problems*. Massachusetts, Allyn and Bacon.

Brockport High School Science Department. *The SQ3R Study System*. <http://www.frontiernet.net/~jl-keefe/sq3r.htm>.

Cairney, Trevor. 1990. *Balancing the Basics for Teachers of Reading (K-8)*. 2 útg. Gosford, Ashton Scholastic Pty Ltd.

Crawley, Sharon J. og Mountain, Lee. 1988. *Strategies for guiding content reading*. Boston, Allyn and Bacon.

Dodge, J. 1994. *The Study Skills Handbook*. New York, Scholastic.

Hayes, B.L. og fl. 1991. *Effective Strategies for Teaching Reading*. Massachusetts, Allyn and Bacon.

Irving, Judith L. 1990. *Reading and the middle school student: strategies to enhance literacy*. Boston, Allyn and Bacon.

Samuels, Jay og Farstrup, Alan, E. ritstjórar. 1992. *What research has to say about reading instruction*. Newark, Delaware, IRA (International Reading Association).

Virginia Polytechnic Institute and State University. *SQ3R - A Reading/Study System*. <http://io.newi.ac.uk/dbw/workgen/sq3r.htm>

## 5. Gagnvirkur lestur

### Lestur - ein helsta leið til náms

Í upphafi skólagöngu takast nemendur á við byrjendanám í lestri sem beinist aðallega að tæknilegum þáttum. Með auknum aldri og færni lesa nemendur fjölbreyttari texta en áður og fyrr en varir er lesturinn orðinn ein helsta leið til náms. Nemendur lesa ekki lengur til að lesa heldur til að læra.

Gagnvirkur lestur eða gagnvirk kennsla (reciprocal teaching), ef enska heitið væri þýtt beint, snýst um samband lesanda við texta og hvernig hann getur náð fram þeirri merkingu sem í textanum er fólgin. Palincsar og Brown (1985) hafa þróað aðferðina Gagnvirkan lestur og rannsakað áhrif hennar á námsárangur. Niðurstöður sýna að unnt er að bæta lesskilning um tugi prósentu með aðferðum Gagnvirkis lestrar.

### Félagslegt ferli

Aðferðin byggir á því að nemendur beini huganum markvisst að efni textans, velti fyrir sér skilningi á efninu í heild og spái fyrir um framhald textans miðað við það sem á undan er komið. Gagnvirkur lestur er í byrjun félagslegt ferli, unnið í samvinnu tveggja eða fleiri aðila. Þegar nemendur hafa náð góðri leikni við að beita aðferðinni saman beita þeir henni einir og geta þannig axlað aukna ábyrgð á eigin námi.

### Aðferðin

Kennari og hópur nemenda hafa hver um sig sama texta sem þeir lesa. Þeir skiptast á um að leiða samræður sem lúta að efninu. Samræðurnar eru óundirbúnar en fylgja alltaf sama ferlinu, þ.e. samantekt efnis, spurningar úr efni, nánari útskýringar og forspá um framhald.

Kennarinn segir til um hvaða hluta textans á að lesa í hvert sinn. Yfirleitt er um að ræða eina efnisgrein nema textinn allur sé þeim mun styttri. Annað hvort leiðir kennarinn verkefnið sjálfur eða felur nemanda það hlutverk. Þegar allir hafa lesið í hljóði eða fylgst með á sínu blaði á meðan stjórnandi les upphátt tekur eftirfarandi ferli við:

1. Stjórnandinn, sem getur verið nemandi eða kennari, tekur saman meginefni textans. Dæmi um slíka samantekt gæti verið: „Það er verið að segja frá því hvernig Kólumbus reyndi að afla fjármagns til ferðarinnar til Indlands.“ Aðrir nemendur í hópnum geta bætt við samantektina ef þeim finnst eitthvað hafa gleymst eða orðalag hafi ekki verið nægilega skýrt.
2. Stjórnandi býr til og spyr einnar eða tveggja kennaralegra spurninga eða spurninga sem eru líklegar til að koma á prófi. Dæmi um slíka spurningu gæti verið: „Hvernig gekk Kólumbusi að afla fjármagns til Indlandsferðarinnar?“ Eftir framsetningu spurningarinnar geta aðrir nemendur bætt hana eða komið með tillögu um aðra spurningu. Hópurinn reynir í sameiningu að setja fram svar við spurningunni.
3. Stjórnandi ræðir um og útskýrir það sem kann að vera erfitt að skilja. Um getur verið að ræða einstök orð eða orðasambönd. Nemendur geta sameinast um þennan lið, enda ekki víst að stjórnandinn búi yfir meiri þekkingu en aðrir í hópnum, að þessu leyti.
4. Stjórnandi spáir fyrir um framhald text-

ans, t.d. næstu efnisgrein. Hér geta aðrir nemendur einnig lagt fram sínar hugmyndir og rætt þær.

Stjórnandinn sér um að öll fjögur atriðin fái umfjöllun og að aðrir nemendur taki fullan þátt í umræðunni. Þeir geta bætt við það sem þegar hefur verið sagt eða komið fram með andstæð sjónarmið. Mikilvægt er að umræðan sé óþvinguð þannig að aðstæður virki ekki eins og próf fyrir viðkomandi nemanda en aðrir sitji óvirkir hjá.

**Kennslan**

Kennari gefur nemendum kost á kennara-leiðsögn, sýnikennslu og æfingum og loks sjálfstæðri vinnu. Í þessari aðferð skiptast kennari og nemendur á um kennarahlutverkið. Í upphafi er kennarinn leiðandi í vinnunni enda er líklegt að nemendur eigi í erfiðleikum með að taka að sér hlutverk stjórnanda og kjósi fremur að vera óvirkir áhorfendur eins og stundum gerist í námi. Félagslega er hver einstakur nemandi studdur til að leggja fram sinn skerf. Kennarinn sýnir og útskýrir og lætur nemendur fá hlutverk eins og hver og einn virðist fær um að axla. Eftir því sem nýliðarnir verða leiknari eykur kennarinn kröfur sínar og setur nemendum fyrir meira krefjandi viðfangsefni.

**Aukin færni**

Eftir nokkur skipti má merkja aukna færni nemenda til að stjórna umræðum og átta sig á efni textans. Undir lok t.d. 20 daga tímabils er líklegt að þeir geti sagt frá efni texta með sínu eigin orðalagi og komið fram með tiltölulega góðar spurningar. Einnig er líklegt að þeir eigi auðveldara með að greina meginhugmyndir frá sértækum atriðum. Hér er vísað til 20

daga vinnulotu en að sjálfsögðu þarf ekki að hætta kennslunni þá. Þrátt fyrir að árangur verði fljótt auðsær er það ekki merki um að kennari geti farið frá hópnum. Það er mikilvægt að hann sé hjá nemendum þannig að þeir geti fengið stuðning umsvifalaust þegar hans er þörf. Það er ekki fyrr en nemendur þurfa ekki á hjálp kennarans að halda í heila kennslustund að hann getur yfirgefið hópinn.

Námsumhverfi og viðmót kennara þarf að styðja við nemendur í þessu sem öðru námi. Mikilvægt er að þeir viti í upphafi að í þessari vinnu geti þeir ekki gert mistök, heldur beri að skoða frammistöðu þeirra, hvernig sem hún er, sem vísbendingu um hvernig þurfi að vinna næstu verkefni og að allt sem þeir leggi fram sé verðmætt.

Það sem gerir þessa aðferð sérstaka er að hún er samin út frá niðurstöðum margvíslegra rannsókna um nám og kennslu. Höfundar nýttu sér vitneskju um þá tækni sem góðir lesarar beita við lestur sem og þau atriði sem virðast hindra slaka lesara í að ná góðum lesskilningi. Rannsókn Brown og Palincsar (1985) sýndi að nemendum fór mikið fram á 20 dögum með daglegum æfingum. Í upphafi höfðu allir nemendur undir 40% árangur á lesskilningsprófi. Í lok tímabilsins var meðalárangur kominn upp í 75% lesskilning. Einn nemandi náði ekki verulegum árangri. Sex mánuðum seinna var lesskilningur kominn niður í 60% en eftir eina kennslustund í Gagnvirkum lestri náðu nemendur aftur fyrri árangri. Aðrar heimildir segja frá

**Námsumhverfi**

**Áhrif á námsárangur**

árangri jafnvel eftir 8 til 12 skipti.

Í bandarískri rannsókn (Carter:1997) er sagt frá skólaumdæmi þar sem meginþorri nemenda lærði ekkert og kennarar voru úrvinda og ósáttir við aðstæður sínar. Með markvissri endurmenntun kennara, nýjum matsaðferðum og nýjum kennsluáðferðum, þ.e. Gagnvirkum lestri, tókst á fimm árum að snúa dæminu við. Nemendur í 4. bekk sem höfðu náð 8,6% árangri að meðaltali árið 1991 á opinberu lestrarprófi (MEAP)

náðu 39,6% árangri 1996. Þessum nemendum var kenndur Gagnvirkur lestur í 30 mínútur á dag í 20 daga í röð. Aðferðin var notuð jöfnum höndum í stærðfræði og samfélagsfræðum. Yfir veturinn var fylgst nákvæmlega með árangri nemenda og gripið inn í með viðbótaræfingum ef árangur virtist vera að dala. Áhrifin voru þau sömu á unglunga sem luku skyldunámi (high school). Fjöldi þeirra sem stóðst lokaprófin jókst jafnt og þétt.

### Yfirlit yfir Gagnvirkan lestur:

#### FORSTIG ⇨ Lestur

Nemendur og kennari lesa stuttan kafla úr texta. Stjórnandi (nem. eða kennari) les upphátt, hinir fylgjast með í hljóði. Lesturinn ætti ekki að vera langur, ein efnisgrein er lesin í einu. Nemendur, sem eiga í erfiðleikum með að lesa textann einir, geta unnið í pari með öðrum færari lesara.

#### 1. ÞREP ⇨ Samantekt

Stjórnandinn tekur saman helstu atriði efnisins. Hann segir hvert meginefnið er. Aðrir geta bætt við eða mótmælt. Mikilvægt er að reyna að halda sig við aðalatriði en sleppa smáatriðum.

#### 2. ÞREP ⇨ Spurninga spurt

Stjórnandi spyr einnar eða fleiri spurninga sem er líklegt að kennari myndi spyrja. Þessi æfing gefur nemendum færi á að æfa sjálfsspurningar og ákveða mikilvæg atriði sem gætu komið til prófs seinna.

#### 3. ÞREP ⇨ Útskýringar

Stjórnandi athugar hvort eitthvað þurfi útskýringar við. Á þessu stigi spyrja nemendur spurninga um atriði sem þeim finnst erfiðt að skilja og vilja fá nánari skýringar á. Kennarinn getur spurt spurninga og hvatt til spurninga frá hópnum eða bekknum. Þessu stigi er sleppt ef nem. finnst allt vera skýrt og auðskilið.

#### 4. ÞREP ⇨ Forspá

Stjórnandi spáir fyrir um innihald textans sem á að lesa næst. Nemendur geta bætt við eigin ályktunum.

#### Næsti hringur ⇨ Endurtekning ferlis

Annar stjórnandi er valinn og ferlið er endurtekið þar til lokið er við að lesa allt efnið. Samskipti nemenda og kennara þurfa að vera sem eðlilegust og þátttaka annarra nemenda í umræðum er æskileg.

Gagnvirkur lestur nýtist nemendum í öllu bóknámi. Aðferðin gerir nemendur meðvit-  
aða um hvernig þeir geta á eigin spýtur  
stutt við nám sitt. Hún hentar nemendum

allt frá 3. bekk til 10. bekkjar. Þyngd textans  
ræður því hve vel hann hentar hverjum ald-  
urshópi. Fylgiskjal 1 (bls. 43) gefur sýnis-  
horn af samtölum nemenda og kennara.

---

### Heimildir og önnur gagnleg rit:

---

Brown, Ann L og Palincsar, Annemarie Sullivan. April, 1985. *Reciprocal Teaching of Comprehension Strategies: A Natural History of One Program for Enhancing Learning*. Technical Report No. 334.

Camperell, Kay. 1991. Teaching Reading in Content Area Materials. *Effective Strategies for Teaching Reading*. Ritstjóri: Bernard L. Hayes. Boston, Allyn and Bacon.

Carter, Carolyn J. 1997. *Why Reciprocal Teaching?* Educational Leadership. Mars 1997, bls. 64-68.

Crawley, S. J. og L. Mountain. 1995. *Strategies for Guiding Content Reading*. Boston, Allyn and Bacon.

Edward, Julie (án árs). *Reciprocal Teaching in the Fourth-Grade Science Program*. Center for Applied Research and Educational Improvement (CARED). College of Education and Human Development, University of Minnesota. (Leitarvefur ALTAVISTA apríl 1998)

Irvin, Judith L. 1990. *Reading and the Middle School Student. Strategies to Enhance Literacy*. Boston, Allyn and Bacon.

Kristín Aðalsteinsdóttir. 1991. Lestur. *Samanburður á skilningi barna á lestri og tilgangi lestrar unninn með umræðu og athugunum*. Akureyri, höfundur.

Pearson, P. David o.fl. 1992. Developing Expertise in Reading Comprehension. *What Research Has to Say About Reading Instruction*. 2. útg. Ritstjórar: Samuels. S. J og Alan E. Farstrup. Newark, IRA (International Reading Association).

Taylor, Barbara M. 1992. Text Structure, Comprehension and Recall. *What Research Has to Say About Reading Instruction*. 2. útg. Ritstjórar: Samuels. S. J og Alan E. Farstrup. Newark, IRA (International Reading Association).

Vacca, J.A.L., R.T. Vacca og M.K. Gove. 1995. *Reading and Learning to Read*. 3. útg. New York, Harper Collins College Publishers.

# 6. KANN - VIL VITA - HEF LÆRT: KVL

## Reynsla nemenda

Þegar nemendur lesa texta skilja þeir hann hver á sinn máta en ekki allir á sama hátt.

Ástæður þessa eru ýmsar en hér verður eingöngu minnst á fyrri þekkingu — fyrri reynslu nemenda. Þessi reynsla getur verið ærið misjöfn og hefur áhrif á hvernig þeir skilja textann og læra af honum.

Aukinn lesskilningur byggist að hluta til á því að nemendur geri sér grein fyrir hvað þeir vita um tiltekið efni. Við það geta þeir betur áttað sig á hvað þeir vilja vita um efnið til viðbótar því sem þeir vissu áður. Þegar að lestrinum sjálfum kemur verður hann markvissari en ella enda vita nemendur betur að hverju þeir eru að leita í textanum.

Mikilvægt er að hjálpa nemendum við að virkja eða sækja það sem þeir þegar vita um efnið. Til að svo megi verða þarf að kenna þeim að beita aðferðum sem koma þeim að gagni. KVL (kann - vil vita - hef lært) er ein slík leið. Aðferðin er einföld í kennslu og hentar nemendum í 3. til 10. bekk. Hún virkjar nemandann í námsferlinu áður en lestur hefst, á meðan hann stendur yfir og eftir að honum lýkur. Á ensku heitir þessi aðferð K-W-L (know-want-learned).

KVL - aðferðin var þróuð af Donna Ogle um miðjan 9. áratuginn. Aðferðin er einföld og skiptist í þrjú þrep. Tvö fyrri þrepin eiga sér stað áður en lesið er en það síðasta eftir að lestur hefur átt sér stað.

- 1. K - kann:** Það sem nemandinn kann um efnið áður en lestur hefst.
- 2. V - vil vita:** Það sem nemandinn vill eða þarf að vita um efnið.
- 3. L - hef lært:** Það sem nemandinn hefur lært að lestri loknum.

Einstakir nemendur, litlir hópar eða heill bekkur geta notað KVL. Í raun snýst aðferðin um hugflæði. Hópumræður geta hjálpað nemendum til að móta hugmyndir og til að öðlast áhuga á efninu. Meðan nemendur eru að ná tökum á aðferðinni er vinnunni stýrt af kennara. Þegar frá líður má draga úr þeirri stýringu og færa ábyrgð og frumkvæði til nemendanna sjálfra.

## Hugflæði

Innan þessa þreps er beitt tvenns konar leiðum til að nálgast fyrri þekkingu nemenda á tilteknu efni. Venjuleg hugstormun á sér stað við bekkjaraðstæður. Kennari skrifar á töflu eða veggspjald í K-dálkinn það sem nemendur telja sig vita um efnið.

## 1. Prep: K - kann

K-kann	V-vil vita	L- hef lært

Kennari þarf að hyggja vel að upphafsspurningu fyrir þennan þátt. Hann byrjar sértækt og spyr nákvæmlega um það efni sem á að fara að lesa um, t.d.: "Hvað vitið þið um blöðrusel?" Ef ekkert eða lítið kemur fram um hann, þá víkkar hann spurninguna og segir: "Hvað vitið þið um seli?". Hafa verður í huga að tilgangur þessa er að búa nemendur undir að skilja betur það sem skrifað er um blöðruselinn. Komi fram óvissa hjá nemendum um tiltekið atriði beinir kennari þeim inn á þá braut að fá svar við þessu í textanum, sem þeir munu lesa, og skráir þetta sem spurningu í V-dálk. Til að dýpka hugsun nemenda má biðja þá um að segja frá því hvar þeir fengu upplýsingar um það sem þeir vissu. Jafnvel má spyrja þá um hvernig þeir geti verið vissir

um að það sem þeir sögðu sé rétt. Spurningum í þessum dúr er ætlað að fá nemendur til að hugsa um heimildir.

Seinni liðurinn, á þessu stigi, beinir nemendum að því að flokka þau atriði sem þeir hafa þegar sett fram. Með aðstoð kennara finna þeir heiti flokka, yfirheiti, og reyna að fella skyld atriði saman undir einn flokk. Hugsanlegir flokkar varðandi blöðruselinn gætu verið: Útlit, heimkynni, skaplyndi, fæða o.s.frv. Nöfn efnisflokka eru skrifuð fyrir neðan hugstormun nemenda. Hér skapast einnig gott tækifæri til að spá fyrir um framhald textans. Kennari sér til þess að nemendur skrifi helstu atriði um það sem þeir kunna á sitt eigið blað.

Samfara því sem nemendur ræða það sem þeir vita um efnið, koma fram þættir sem þeir eru óvissir á og atriði sem æskilegt væri að fá svar við. Búast má við að nemendur hafi áhuga á mismunandi þáttum en kennari skrifar á veggspjaldið (í V-dálk) allar tillögur sem koma fram. Nemendur kunna að verða ósammála um tiltekna þætti. Hlutverk kennarans er að draga fram mismunandi sjónarmið og beina athyglinni að því að unnt sé að leita svara í texta.

Sjálfsagt er fyrir kennara að hvetja nemendur til að setja fram fleiri atriði. Þannig getur kennari vísað til flokkaheita í K-dálkinum og leitt nemendur með spurningum að því að setja fram fleiri þætti sem þarf að fá svör við. Hann hjálpar þeim við að orða spurn-

ingar og jafnvel opnar hann umræður fyrir ný svið sem ekki hafa verið nefnd áður.

Kennarinn þarf að gæta vel að því að framvinda á fyrstu tveimur þrepunum (K og V) sé tiltölulega hröð til að forðast leiða hjá nemendum. Í fyrstu skiptin sem nemendur vinna eftir KVL aðferðinni má ekki búast við að fjöldi þekktara atriða eða áhugaverðra spurninga komi fram. Með aukinni þjálfun vex virk þátttaka nemenda.

Áður en lestur hefst fær kennari nemendur til þess að velja sér atriði sem þeir vilja vita meira um og skrifa á sitt eigið eyðublað. Nemendur þurfa ekki endilega að vera með öll sömu atriðin. Að þessu loknu hefst lestur textans. Hver nemandi les fyrir sig nema annað sé ákveðið. Ef textinn er langur þarf kennari að skipta textanum niður í hentugar einingar eða beina nemendum að lestri tiltekins hluta textans.

Að lestri loknum, eða á meðan á lestri stendur, skrifa nemendur niður í L-dálkinn það sem þeim finnst þeir hafa verið að læra. Kenn-

ari fær þá til að athuga hvort spurningum þeirra hefur verið svarað og ekki síður hvað þeir lærðu sem þeir höfðu ekki séð fyrir áður en lestur hófst. Í upphafi vinna nemendur sameiginlega sem bekkur. Með aukinni færni nemenda dregur kennari markvisst úr beinni stýringu en skipuleggur þess í stað einstaklingsvinnu og samvinnu. Aðferðin hentar einstaklega vel í samvinnunámi.

3. þrep: L - hef lært

## Dæmi um Indíána í Ameríku

K - kann	V - vil vita	L - hef lært
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Bjuggu í Ameríku</li> <li>• Bjuggu í tjöldum</li> <li>• Veiddu</li> <li>• Smíðuðu eintrjáninga</li> </ul> <p>Yfirheiti: STAÐIR FÆÐA SIÐIR LÍFSHÆTTIR</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Bjuggu I. á einu svæði?</li> <li>• Notuðu þeir áhöld úr steini?</li> <li>• Höfðu þeir hunda sem húsdýr?</li> <li>• Trúðu þeir á anda?</li> <li>• Hvernig gerðu þeir leirmuni?</li> <li>• Bjuggu þeir í kofum?</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Margir mismunandi ættbálkar í Ameríku</li> <li>• Margvíslegar gerðir áhalda notaðar</li> <li>• Höfðu reiðhesta og hunda, elduðu margvíslega rétti</li> <li>• Lifðu á landinu</li> <li>• Trúarbrögð þeirra voru faguð</li> </ul>

(Irving, 1990)

Nemendur geta sjálfir búið til eyðublað með því að brjóta í þrennt blað úr stílabók.

## Yfirlit yfir KVL:

### 1. ÞREP ⇔ Það sem nemendur kunna

- Nemendur fá eyðublað til að fylla inn á það sem þeir kunna. Þessu þrepi er ætlað að virkja fyrri þekkingu nem. í gegnum hugflæði. Hugmyndir eru skráðar á K-dálk á veggspjald í bekk en einnig hjá hverjum nemanda.
- Nemendur flokka atriðin, finna heiti flokka og spá fyrir um fróðleiksflokka sem þeir kunna að finna í textanum. Þessar flokkanir virka sem hvati fyrir frekari fróðleik og áhuga á efninu.

### 2. ÞREP ⇔ Það sem nemendur vilja vita

- Kennari leiðir umræður til að hjálpa nem. að draga saman upplýsingar og búa til spurningar tengdar efninu. Kennari skrifar spurningar á töflu eða veggblað. Á þann hátt deila nem. með sér þekkingu. Nemendur fylla út sitt eigið blað, V-dálk, einstaklingslega eða í litlum hópum.
- Nemendur lesa textann. Skipta þarf textanum í viðráðanlega kafla.

### 3. ÞREP ⇔ Það sem nemendur hafa lært

Fyllt er út í L-dálkinn þar sem skráð er það sem nem. hafa lært af lestrinum. Bekkurinn gerir þetta sameiginlega og kennari skráir á veggblaðið en nemendur skrá einnig persónulega á eigið blað hvað þeir hafa lært. Megintilgangur þessa hluta aðferðarinnar er sá að nemendur deila með sér fróðleik og að lesturinn hefur sýnilegan tilgang.



KVL aðferðin dregur fram fyrri þekkingu einstaklinga en einnig bekkjarins sem heildar. Nemendur læra að líta á félagi sína sem uppsprettu þekkingar. Vegna þess hve einföld aðferðin er geta nemendur eftir nokkra þjálfun farið að beita þessum vinnubrögðum sjálfir án mikillar kennarastýringar. Eðlileg framvinda til sjálfstæðra vinnubrögða er:

1. Mikil kennarastýring á öllum þrepum
2. Dregið úr kennarastýringu, litlir hópar vinna með afmarkaða þætti
3. Litlir hópar taka meiri ábyrgð á sig, vinnu dreift á einstaklinga í hópnum
4. Einstaklingar spreyta sig á þessum vinnubrögðum

Afbrigði af KVL hefur skammstöfunina KVHL: kann - vil vita - hvernig - hef lært (Blaskowski; án árs). Sömu lögmál gilda og nefnd hafa verið að framan. Einn þáttur bætist við en hann stendur fyrir: "Hvar og hvernig finnum við þessar upplýsingar?" Hugflæðið er einnig notað til að reyna að svara þessum þætti. Tilgangur þessa viðbótarpáttar er að veita nemendum enn betri stuðning og kenna þeim að ræða saman um hvar svara er vænlegast að leita í hverju tilviki.

K kann	V vil vita	H hvar og hvernig finnast uppl.	L hef lært

### Heimildir og önnur gagnleg rit:

Blaskovski, Debbie (án árs). KWHL. (Leitarvefur Altavista, apríl 1998).

Carr, E. og D. Ogle. 1987. K-W-L plus: *A strategy for comprehension*. *Journal of Reading*, 30. bls. 626-631.

Irving, Judith, L. 1990. *Reading and the Middle School Student*. Strategies to Enhance Literacy. London, Allyn and Bacon. bls. 124.

Ogle, Donna, M. 1986. K-W-L: *a teaching model that develops active reading of expository text*. *The Reading Teacher*, 39, 564-571.

Vacca, J.A., R.T. Vacca og M.K. Gove. 1995. *Reading and Learning to Read*. 4. útg. New York, Harper Collins College Publishers.

# Gangvirkur lestur - dæmi úr kennslu

(Rósa Eggertsdóttir. 1997. Einum nemanda í 7. bekk kenndur Gangvirkur lestur)

## 1. dagur kennslu.

## Einstaklingskennsla.

K. Það sem ég ætla að biðja þig um að gera núna er að lesa þennan fyrsta kafla og þú ræður hvort þú lest hann í hljóði eða upphátt (nem. las í hljóði).

Í Íshafinu, báðum megin við Grænland er mikið um einkennilega selategund, mógráa að lit, með dökkum blettum að ofan. Þetta er blöðruselurinn. Nafn sitt hefur hann hlotið af því að brimillinn hefur blöðru eða poka á hausnum sem hann blæs upp þegar hann reiðist.

Nú ertu búin að lesa þetta, heldurðu að þú treystir þér til að búa til eina spurningu úr þessu.

N. (Þögn)

K. Er þetta erfitt?

N. Já, dálítið.

K. Við skulum þá bara láta spurninguna bíða. Geturðu sagt mér um hvað þú varst að lesa?

N. Blöðruseli.

K. Manstu eitthvað sem var sagt um blöðruselinn?

N. Hann var með poka á hausnum.

K. Þetta er gott, það er pokinn sem gerir hann sérstakan. Blöðruselurinn er með poka á hausnum.

Geturðu búið til spurningu sem er líklegt að kennari mundi spyrja um. Gæti spurningin byrjað á "hvað".

N. Hvað væri á hausnum á honum?

K. Hvað er á hausnum á blöðruselnum - finnst þér það vera kennaraleg spurning?

N. Ég veit það ekki.

K. Það væri líka hægt að spyrja hvað er sérstakt við höfuðið á blöðruselnum. Ef að ég spyr þig núna hvað er sérstakt við höfuðið á blöðruselnum, hverju svarar þú þá?

N. Hann er með poka á hausnum.

K. Veistu til hvers hann notar þennan poka?

N. Nei.

K. Þá ætla ég að biðja þig um að lesa aftur sömu grein og viltu svo segja mér hvað er meira sagt um blöðruselinn.

N. Að hann sé báðu megin við Grænland en einkennileg selategund.

K. Það er einkennileg selategund báðu megin við Grænland og hvað er sagt meira?

N. Mógrár á litinn með dökkum blettum að ofan.

K. Svo í einni málsgrein er sagt hvar þeir eiga heima og þá er farið að lýsa hvernig útlitið er, einungis í þessum tveimur línunum. Eigum við að reyna að búa til spurningu og nú máttu nota orðið blöðruselur af því þú veist að þetta er um hann.

## FYLGISKJAL 1

---

- N. Hvað gerir hann við pokann þegar hann reiðist?  
K. Hvað gerir hann þá við pokann? Er svar við því í textanum?  
N. Hann blæs upp pokann þegar hann reiðist.  
K. Já, hann blæs upp pokann og þá gæti spurningin verið: Til hvers notar hann pokann á hausnum? Aðalspurningin gæti þá verið: Geturðu lýst blöðrusel?  
N. Já.  
K. Viltu gera það núna?  
N. Hann er með dökka bletti á bakinu, hann blæs upp pokann þegar hann reiðist.  
K. Manstu hvernig aðalliturinn er?  
N. Hann er móagrár.

- 
- K. Þá ætla ég að fara með þig yfir á fjórða stigið. Er eitthvert orð, sem þér finnst erfitt að skilja, í textanum?  
N. Nafn sitt hefur hann hlotið, brimillinn?  
K. Já, er það nafn sitt sem sé blöðruselur, nafnið það er blöðruselur. Veistu hvað brimill er?  
N. Nei.  
K. Það er karldýrið selsins, hann er alltaf kallaður brimill alveg eins og litlu selirnir eru kallaðir kópar. Kvendýrið er kallað urta. Er fleira þarna?  
N. Nei.  
K. Þetta er gott hjá þér, nú eru fleiri kaflar hérna og þeir eru líka um blöðruselinn, geturðu ímyndað þér hvað verður talað um næst?  
N. Um ungana.  
K. Um afkvæmin. Allt í lagi nú skaltu lesa næsta kafla.

Blöðruselurinn er stór og sterkur, 2,2 til 2,7 metrar að lengd og gildur að því skapi. Við strendur Grænlands er blöðruselurinn á ísnum en sjaldan við land.

- K. Reyndist forspáin rétt?  
N. Nei.  
K. Frá hverju er verið að segja?  
N. Það er verið að segja að hann sé sterkur.  
K. Já, það er verið að segja að hann sé sterkur og fleira?  
N. (Þögn)

## Gagnvirkur lestur - dæmi úr kennslu

(Rósa Eggertsdóttir. 1997. Einum nemanda í 7. bekk kenndur Gagnvirkur lestur)

### 4. dagur kennslu.

### Einstaklingskennsla

K. Þá geturðu byrjað að lesa.

Puntsvínið er stórt nagdýr og sterkbyggt. Það þekktist á löngum hvítum og svart-röndóttum broddunum sem standa út í allar áttir á baki og síðum. Eyrun eru lítil og kringlulaga og augun lítil. Fætarnir eru stuttir og sterkir, loppurnar breiðar og kubbslegar. Rófán er lítil.

K. Hvað segirðu þá með spurningu? Frá hverju er verið að segja í fyrstu greininni?

N. Geturðu lýst puntsvíninu?

K. Þetta er frábær spurning og þá mundi svarið fela í sér nánast flest sem hér er sagt. Þetta er besta spurningin. Geturðu þá tekið saman efnið?

N. Það er verið að lýsa puntsvíninu.

K. Það er verið að lýsa því, stærðinni og broddunum.

N. Fótunum.

K. Fótum.

N. Rófán.

K. Já það er verið að lýsa því og það er tekin fyrir stærðin og broddarnir og eyrun og augun og allt þetta, fínt. Er eitthvað sem þú vilt láta skýra út?

N. Síða.

K. Þetta er síðan á mér á hliðunum. Loppur veistu hvað það er?

N. Já.

K. Þá spáum við fyrir um næstu efnisgrein, frá hverju heldurðu að sé sagt þar?

N. Hvað hann borðar.

K. Hvað hann borðar? Athugum það.

Puntsvín hlaupa ekki hratt en komast þó seint fari. Á Inlandi fundust spor eftir puntsvín sem hafði farið 4 kílómetra frá bæli sínu, sem þýðir að það hafi gengið 8 km á einni nóttu.

K. Um hvað geturðu spurt?

N. Veit það ekki.

K. Frá hverju er verið að segja í fyrstu málsgreininni.

N. Það er verið að segja að þau hlaupa ekki hratt.

K. Já, það er verið að segja hvernig þau hreyfa sig og þá er spurningin: Hvernig hreyfir puntsvínið sig? Er eitthvað sem þarf að skýra út þarna?

N. Nei.

K. Allt einfalt. Veistu hvað kílómeter er langur?

N. Ég get ekki lýst því en ég veit það samt alveg.

- K. Hvað heldurðu að sé langt héðan og upp í Hrísalund?  
N. Það gætu verið svona 3 kílómetrar eða eitthvað.  
K. Nei, það er örugglega minna en kílómetur, þetta er talsvert lengra en það, þannig að hann hefur farið langt út í Síðuhverfi og til baka aftur yfir eina nótt.  
K. Hvað heldurðu að sé verið að segja frá í næstu grein?  
N. Það er verið að segja um fæðuna.  
K. Það gæti verið en ef það væri ekki verið að segja um fæðuna, hvað þarf að segja meira? Hvað viltu vita meira? Þú veist um útlitið, hreyfinguna, - viltu vita eitthvað um fæðuna eða eitthvað annað?  
N. Afkvæmin.  
K. Afkvæmin eitthvað fleira.  
N. Hætturnar.  
K. Og hættur, þá skulum við prófa núna, hverju var verið að segja frá þarna.

Puntsvín búa oft í náttúrulegum hellum eða holum sem önnur dýr hafa grafið, t.d. í refa-greni. En þau gera sér líka sjálf neðanjarðarbæli. Vitað er um 18 metra löng göng. Þau enduðu í bæli á 1 1/2 metra dýpi.

- N. Það var verið að segja hvar hann býr.  
K. Já og hvernig er þá spurningin?  
N. Hvar býr puntsvínið?  
K. Víðari spurningin gæti verið: Hvernig býr puntsvínið um sig? Þá gæti ég nefnilega komið inn í svarið að hann finnur stundum holur eða hann grefur sér göng.  
Er ekki allt einfalt að skilja þarna,? 18 metra löng göng bara eins og héðan og út að blokkinni. Þá erum við með næsta texta og þetta var þá útlitið og þetta var...?  
N. Hreyfingin.  
K. Og þriðja er.  
N. Segja hvar hann býr.  
K. Bústaðurinn, já og fjórða gæti þá verið afkvæmin eða hætturnar og nú lestu fjórðu grein.

Puntsvínnum nægir ekki að hafa hvassa brodda sér til varnar heldur eru þau auk þess ljós-fælin feludýr sem eru aðeins á ferli að næturlagi. Það er mjög sjaldgæft að menn sjái þau úti í náttúrunni. Broddar puntsvínanna reynast oft góð vörn gegn stórum óvinum eins og ljónum og hlébörðum. Mörg vitni eru um að þessi dýr finnist með ótal brodda í skrokkn-um og allt bendir til að þau hafi þurft frá að hverfa

## Gagnvirkur lestur - dæmi úr kennslu

(Brown, Ann L; Palincsar, Annemarie Sullivan. April 1985. Reciprocal Teaching of Comprehension Strategies: A Natural History of One Program for Enhancing Learning. Technical Report No. 334. bls.85. Þýtt af Rósu Eggertsdóttur)

### 3. dagur kennslu.

#### Hópkennsla

**K= fullorðinn kennari - Aðrir bókstafir vísa til nemenda**

#### GETA SNÁKAR STUNGIÐ MEÐ TUNGUNNI?

Nei - tungur snáka eru algerlega skaðlausar. Þeir nota þær til að skynja hluti og til að efla tilfinningu sína fyrir lykt. Þótt snákar geti fundið lykt á venjulegan hátt, hreyfa þeir tunguna til og frá upp í loftið til þess að skynja agnir af efninu. Þessar smáagnir setjast í holur í nasavængjunum til að auka þeffærni snákanna.

- A. Stinga tungur snáka?  
 S. Stundum
- A. Rétt. Þessi grein er um það að snákar stingi með tungunni og mismundi tungur og tilfinningu fyrir lykt.
- K. Eru einhverjar spurningar?  
 B. Tungur snáka stinga ekki.
- K. Gott. Ég hélt, vá, að ég hefði lesið of hratt vegna þess að ég sá ekki þetta atriði. Anna, gætir þú spurt spurningarinnar aftur?
- A. Stinga tungur snáka raunverulega?  
 K. Heyrðu Anna, fyrst þú hefur spurt spurningarinnar, getur þú fundið í textanum hvar spurningunni er svarað?
- A. Nei, tungur snáka eru algjörlega skaðlausar.
- K. Við reynum þetta þá aftur. Geturðu búið til aðra spurningu sem þú heldur að kennari myndi spyrja um?
- A. Til hvers er tungan?  
 K. Gott.
- L. Til að finna lykt.
- K. Er það rétt? Anna, ertu ósammála?  
 A. Svárið er rétt, en það er fleira sem tungan getur gert.
- L. En hún spurði bara um eitt, hún sagði ekki að það ætti að segja allt.
- K. Allt í lagi.
- R. Hún er til að ná í smáagnir.
- K. Allt í lagi. Ég held að þetta sé mikilvægt atriði. Þú hefur meginatriðið sem er rétt. En það sem spurningin spyr raunverulega um er - er hún notuð til að finna lykt? Eruð þið ekki sammála mér?
- R. Þær eru til þess að skerpa tilfinningu snáka fyrir lykt.
- K. Allt í lagi. Þær eru til þess að skerpa tilfinningu snáka fyrir lykt. Eru þær notaðar til að þefa?

Það er atriði sem við erum ekki örugg um.

- L. Í svari mínu sagði ég að þær væru til að finna lykt.
- K. Þetta er fínt. Það er þetta sem aðferðin snýst um. Hún fjallar ekki um það hvort þið hafið á réttu eða röngu að standa. Það sem hún er um er að við höfum verið að lesa eitthvað sem við erum ekki sammála um hvað þýðir. Við þurfum að komast til botns í merkingunni.
- A. Ég spái því að greinin muni núna fjalla um mismunandi þætti um snáka, hvar þeir búa, hvað þeir éta og svoleiðis.
- K. Allt í lagi. Gott. Hvað haldið þið að þeir éti?
- A. Dýr
- L. Eyðimerkur.
- R. Það lifa ekki allir snákar í eyðimörkinni. Þeir lifa í skógum og í votlendi.

## Gagnvirkur lestur - dæmi úr kennslu

### 13. dagur kennslu.

#### Hópkennsla.

**K= fullorðinn kennari.**

Í Bandaríkjunum er salt framleitt með þremur meginaðferðum.: sólaruppgufun, í saltnámum og með uppgufun frá gervihita. Til þess að fá salt með sólaruppgufun þá þarf veðrið að vera heitt og þurrt. Því er sólarsalt unnið á heitum svæðum meðfram suðurhafsströndinni og við Mikla saltvatn.

- B. Nefnið þrjár grunnaðferðir við að framleiða salt.
- A. Uppgufun, námuvinna, uppgufun ... gervihitauppgufun
- C. Rétt, mjög gott. Samantekt mín á þessari grein er um það hvernig salt er framleitt.
- K. Mjög gott. Mundir þú vilja velja næsta stjórnanda?

Annað elsta framleiðsluform á salti er námuvinnsla. Ólíkt fyrri aðferðum sem gerði námuvinnslu mjög hættulega og erfiða, þá eru nú á tímum notaðar sérstakar vélar og saltnám er auðveldara og öruggara. Gamla máltækið "aftur í saltnámurnar" á ekki lengur við.

- L. Nefnið tvö orð sem oft lýsa vinnu í saltnámum í gamla daga.
- R. Aftur í saltnámurnar?
- M. Nei. Anna?
- A. Hættulegar og erfiðar.
- L. Rétt. Þessi grein er öll um samanburð á námuvinnslu í gamla daga og nú á tímum.
- K. Mjög gott.
- L. Ég er með spá um framhaldið. Ég tel að það muni fjalla um hvernig salt var fyrst uppgötv- að, nú, það gæti verið um úr hverju salt er og hvernig það er búið til.